

## Föstudagur 6.febrúar

Friday

20.00 @ Salurinn, Kópavogi

## Íslensk raftónlist / ElectroAcoustic Concert

### Flytjendur / performers:

Helgi Hrafn Jónsson, básúna / trombone

Katie Buckley, harpa / harp

Frank Aarnink, slagverk / percussion

Úlfar Ingi Haraldsson, rafhljóð / electronics

### EFNISSKRÁ / PROGRAM:

**Haraldur V. Sveinbjörnsson:** *Ariel II*

**Hilmar Þórðarson:** *Helgileikur - Sononymus II f. básúnu og tölvu / for trombone & computer*

**Ríkharður H. Friðriksson:** *Postcards from North & South*

**Ríkharður H. Friðriksson:** *Kristalhringir / Chrystal Rings*

**Guðmundur Óli Sigurgeirsson:** *Unglingarnir í dómkirkjunni / Teenagers in the cathedral*

**Úlfar Ingi Haraldsson:** *Shadows & Silouettes f. hörpu, slagverk og elektróník / for harp, percussion and electronics.*

### Um flytjendur / About the performers:

#### **Katie Elizabeth Buckley - Harpa**

Hóf nám í hörpuleik 8 ára gömul í Bandaríkjunum og lauk gráðunum Bachelor of Music, Performer's Certificate og Master of Music frá Eastman School of Music í Rochester, New York. Katie hefur komið víða fram sem einleikari með ýmsum hljómsveitum, þ.á.m. The Eastman Chamber Orchestra og Rochester Philharmonic Orchestra. Árið 2004 tók Katie við stöðu hörpuleikara við Brevard Music Festival í Brevard, North Carolina og var meðlimur í The World Philharmonic Orchestra í Paris 2006. Frá árinu 2005 hefur Katie verið aðalhörpuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

#### **Helgi Hrafn Jónsson - Básúna**

Helgi Hrafn er fæddur í Reykjavík árið 1979. Hann hóf ungur að leika á básúnu og útskrifaðist af einleikaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík vorið 1999. Eftir það hélt Helgi Hrafn til Austurríkis og útskrifaðist sumarið 2004 frá Universitát für Musik und Darstellende Kunst, Graz, með meistaragráðu. Helgi Hrafn hefur verið áberandi í Austurrísku tónlistarlífi og hélt m.a. nýverið tónleika í eigin nafni í hinu virta Konzerthaus í Vínarborg. Hljómsveit hans Beefólk hefur ferðast vítt og breitt um Evrópu og Asíu og ma. verið tilnefnd til Þýsku hljómplötuverðlaunanna. Helgi Hrafn hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Röddum Evrópu, á ferð þeirra til Menningarborga Evrópu árið 2000. Helgi Hrafn hefur margsinis leikið með Sigur Rós, bæði í upptökuveri og á sviði á tónleikaferðum þeirra um heiminn. Nýverið kom út hjá Playground Music Scandinavia, önnur sólóplata hans og hefur hún hlotið lofsamlega dóma og viðtökur.

#### **Frank Aarnink - Slagverk**

Frank stundaði nám í Hilversum og Amsterdam. Hann hefur spilað með flestum af þekktustu sinfóníuhljómsveitum og blásarasveitum Hollands og tekið þátt í mörgum óperu- og söngleikjauppfærslum þar í landi. Frá árinu 2001 verið Frank verið fastráðinn sem slagverks- og þákuleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Eftir að Frank fluttist til Íslands, hefur hann tekið virkan þátt í tónlistarlífi Íslendinga. Hann hefur meðal annars starfað sem slagverksleikari við Íslensku óperuna, slagverkshópinn Bendu, Kammersveit Reykjavíkur, Caput, Aton, Hljómeyki og Lúðrasveit Reykjavíkur. Íslenzk tónskáld hafa samið sérstaklega tónverk fyrir hann, þar á meðal eru tónskáldin Daníel Bjarnason og Anna Þorvaldsdóttir. Frank er slagverkskennari í Tónlistaskóla FÍH. Einnig kennir hann slagverk við Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar.

## Um verkin / About the pieces:

### **ARIEL II**

Sumarið 2008 var ég þess heiðurs aðnjótandi að vera valinn staðartónskáld (composer in residence) við Gotland International Centre for Composers á eyjunni Gotlandi við austurströnd Svíþjóðar. Ég vann ARIEL II í hljóðveri þeirra, Studio Alpha, en það er byggt á eldra verki - ARIEL I - sem flutt var á Myrkum Músikdögum 2006. Líkt og í fyrra verkinu vinn ég með valin hvísluð orð úr söngvum Ariels úr Ofviðri Shakespeares, en að þessu sinni er djúpri merkingu kastað fyrir röða og þess í stað kafað dýpra inn í hljóðsamsetningu orðanna sjálfra. Útkoman er ja....rytmísk!

Nokkrum ber að þakka: Ég vil þakka Ramon Anthin fyrir liðlegheitin og leiðsögumennskuna, Jesper Elén fyrir tæknilega aðstoð og tónskáldunum Emilio Mendoza og Evis Sammoutis fyrir að halda mér félagsskap inn á milli tónsmíðaferilsins. - HVS

**Helgileikur** er saminn á þessu ári fyrir Helga Hrafn Jónsson básúnuleikara og tölvuna mína.

Aðdragandinn að verkinu er sá að upphaflega lagði ég fram annað verk sem, Helgi var svo vinsamlegur að benda mér á að væri frekar fyrir trompet en básúnu. Ég reyndi að sannfæra hann en komst fljótlega að því að slíkt væri ógerningur. Helga leist því mun betur á hlutverk tölvunnar og því varð úr að við bárum saman bækur okkar og unnum upp nýtt verk, byggt á sömu hugmyndafræði og hið fyrra. Varð úr að ég mótaði 12 tón/hljóð myndir sem Helgi fær til að vinna úr. Honum er frjálst í hvaða röð hann spilar þessar myndir og einnig er honum gefið nokkurt frjálsræði með túlkun þeirra, þó mismikið frjálsræði. Tölvun "hlustar" á básúnuhljóðin og bregst við þeim á mismunandi hátt, sumt fyrirfram mótað annað ekki. Helgi hlustar á viðbrögð tölvunar og bregst við þeim á sinn hátt. Þannig myndast leikur milli tölvunar og básúnunar sem heldur áfram að mótast í flutningnum þar til búið er að vefja saman allar 12 tón- og hljóðmyndirnar.

Þetta verk er tíunda verkið í röð verka fyrir sóló hljóðfæri og tölvu sem bera samheitið Sononymus. - HB

### **Shadows & Silhouettes**

Verkið var samið fyrir Katie Buckley (harpa) og Frank Aarnink (slagverk). Titillinn merkir Skuggar og Skuggamyndir og segja má að efnið og þær hugmyndir sem hér er unnið með séu á margvíslegan hátt skuggar og skuggamyndir af hverri annari. Það mætti segja að hver hugmynd eigi sér skuggamynd á öðrum stað í verkinu og þegar öllu er á botninn hvolft þá er sumpart óljóst hver sé upprunalega hugmyndin og því ekki um einhverskonar framsetningu og úrvinnslu að ræða. Ef til vill má hér sjá samsvörun við hugarstarfið, sérstaklega í skapandi ferli með allri sinni díalektík, þar sem hugmyndir virðast stundum skuggamyndir af einhverju öðru og þá hugsanlega einhverju öðru sem fer handan við manns eigin vitund. -ÚIH

**Unglingarnir í dómkirkjunni** er unnið úr mjög frumstæðri upptöku af söng hóps danskra unglunga í dómkirkjunni í Skálholti, haustið 2003. Undir lok verksins má heyra söng unglunganna sé grannt hlustað, en þau sungu danska sálminn I østet stiger solen op. Þegar kafað var í upptökuna kom í ljós að í hljóðheimi Skálholtskirkju var að finna einstaka hlýju og ró, sem blandaðist söng unglunganna á mjög sérstæðan hátt, auk þess sem gallar í upptökunni gáfu býsna skemmtilega "effekta". Undir öllu þessu sónar eins konar bourdon bassi, framkallaður með sýndarhljóðfæri, má túlka sem undirliggjandi meðvitund lifandi manns í hinni himnesku ró. -GÓS

**Postcards from North and South** (2008) er framlag mitt til samvinnuverkefnis tónskálda frá Norðurlöndunum og Suður-Ameríku. Allir lögðu hljóð frá sínu landi í púkkið og síðan voru gerð stutt verk þar sem menn notuðu annars vegar sín eigin hljóð og hins vegar hljóð frá hinum heimshlutunum. Ég tók þann pól í hæðina að tefla hljóðunum saman sem andstæðum án þess að reyna að tengja þau sérstaklega. Þannig nota ég einvörðungu náttúruhljóð frá Íslandi; vatnsnið frá Öskjувæðinu, fótatak í fjörugrjóti frá Dritvík, kríur frá Vatnsnesi og fleira. Þessu tefli ég á móti ýmsum manngerðum hljóðum frá Suður-Ameríku, jú, og páfagaukum frá Urugvæ sem reyna af veikum mætti að tengja heimana tvo saman.

Verkið var upphaflega unnið í stereo en þetta er frumflutningur á víðóma útgáfu. -RHF

*“Postcards from North and South” is a mixture of sounds that don’t really mix. We have sounds of nature from Iceland, in the form of birds, water and footsteps, and we have “non-natural”, but human voices from South America. These opposites attract, but don’t really communicate. They co-exist in a sonic space where they dance around each other, sometimes fighting for attention and sometimes complimenting each other. In the end, they have at least had a conversation, hopefully leading to future mutual understanding. Where does that leave us? Who knows? Together? Apart? In-between? Elsewhere?*

*The work was originally produced in stereo, but this is the premiere of a surround version.*

**Kristalhringir** (2008) er "endurblöndun" á tveimur kammerverkum eftir Pál Pampichler Pálsson sem varð átræður um það leyti. Það eru verkin Kristallar frá 1970 og sönglagið Hinghenda frá 1990, flutt af Signýju Sæmundsdóttur. Hljóðin komu öll upphaflega úr upptökum af verkunum. Síðan kom eitthvað fyrir þau...

Upphaflega útgáfan var pöntun frá Ríkisútvarpinu í tilefni átræðisafmælis Páls. Verkið var upphaflega unnið í stereo en þetta er frumflutningur á víðóma útgáfu.-RHF

*Crystal Rings* (2008) is a "remix" of two chamber works by Icelandic / Austrian composer Páll Pampichler Pálsson (b. 1928). Every sound originally belonged to a recording of one of these pieces. Then things happened to them...

*The original version was a commission from Icelandic State Radio, celebrating Pálsson's 80th anniversary. The work was originally produced in stereo, but this is the premiere of a surround version.*

Um tónskáldin / About the composers:

**Haraldur V. Sveinbjörnsson** lærði tónsmíðar hjá Hilmar Þórðarsyni við Tónlistarskólann í Reykjavík 1997 - 2001, og hjá Luca Francesconi og Kent Olofsson í Svíþjóð árin 2002 - 2004. Hann útskrifaðist með M.Mus-gráðu í tónsmíðum frá Háskólanum í Lundi árið 2004. Hann hlaut verðlaun fyrir hljómsveitarverk sitt "Sjö byltur svefnleysingjans" í Helsingborg 2004 og var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2005 fyrir sama verk. Auk þess hefur hann hlotið athygli fyrir útsetningar sínar, t.d. á verki Pink Floyd, The Wall, í flutningi Dúndurfrétta og Sinfóníuhljómsveitar Íslands sumarið 2007, og á tónlist Bítlanna á tónleikum í Háskólabíói 2006 og 2008. Meðfram tónsmíðum og útsetningum hefur Haraldur tekið þátt í norrænu tónlistarsamstarfi og komið að framkvæmd Myrkra Músikdaga frá 2007 og Norrænna Tónlistardaga á Íslandi 2006.

*Haraldur V. Sveinbjörnsson studied composition with Hilmar Þórðarson at the Reykjavik Music College 1997-2001, and with Luca Francesconi and Kent Olofsson in Sweden 2002-2004. He graduated with M.Mus degree from the University of Lund in 2004. He won the Helsingborg's "Composer of Tomorrow" awards 2004 for his orchestra piece "Seven Songs of the Insomniac" which was also nominated as the best contemporary piece on the Icelandic Music Awards 2005. He has also a noted arranger and performer, equally in the temporary scene as well as in rock music, in which his roots lie.*

*Over the past years Haraldur has been active in Nordic music collaborations and has been the executive producer of festivals such as Nordic Music Days and Dark Music Days.*

**Hilmar Þórðarson** er fæddur á Akureyri árið 1960. Hann nam trompetleik við Tónlistarskóla Kópavogs og Tónlistarskólann í Reykjavík. Síðar lagði Hilmar stund á tónfræði og tónsmíðar við sömu skóla og útskrifaðist frá tónfræðabraut T.R. árið 1985. Þá lá leiðin til Bandaríkjanna þar sem Hilmar nam tónsmíðar við California Institute of the Arts (Cal Arts) og Yale School of Music. Að námi loknu var Hilmar gestur við tónver háskólanna í Stanford og Berkeley í Kaliforníu þar sem hann tileinkaði sér m.a. aðferðir við gagnvirkan tónlistarflutning. Eftir heimkomu árið 1995, hefur Hilmar auk tónsmíða tekið virkan þátt í uppbyggingu náms í tölvutónlist m.a. með því að vera í forsvari fyrir stofnun

Tónvers Tónlistarskóla Kópavogs og Nýmiðlasviðs tónlistardeildar Listaháskóla Íslands. Mörg verka Hilmars hafa verið gefin út á geisladiskum og má nálgast þau í gegnum Íslenska Tónverkamiðstöð.

**Úlfar Ingi Haraldsson** lauk doktorsprófi í tónsmíðum og tónfræðum frá University of California árið 2000. Verk hans hafa verið flutt víða á tónleikum bæði á Íslandi og erlendis. Úlfar hefur einnig komið víða fram sem flytjandi og stjórnað eigin verkum og annarra hérlendis og erlendis. Hann hefur einnig starfað sem bassaleikari í margvíslegri tónlist er tengist klassík, nútímatónlist, djass og spuna. Hann starfar nú sem tónlistarkennari við ýmsar menntastofnanir í Reykjavík ásamt því að vinna að eigin tónsmíðum og tónlistartengdum verkefnum.

**Guðmundur Óli Sigurgeirsson** um sjálfan sig:

“Mér er sagt að ég sé fæddur árið 1949. Við það miða ég aldur minn. Sunnlendingur er ég í húð og hár, fæddur í Hvolhreppi, uppalinn á Rangárvöllum, og á einnig ættir að rekja í Meðalland og á Síðu. Frá því ég man eftir mér hef verið að semja lög. Flest hafa þó aldrei komist lengra en í koll mér og þaðan beint í gin óminnishegrans, sem ég tel að nærast á þessari iðju minni. Tónlistarnám hóf ég sem barn. Fyrsta hljóðfærið mitt var greiða sem með hjálp sellófans og raddbanda drengstúfs framleiddu misfögur hljóð, foreldrum mínum og búsmala þeirra til vafasams yndis. Þó sungu stundum með mér bæði hundur og kýr.

Tónlistarnámið hefur verið slitrótt. Drengur nam ég orgelleik í tvö ár í Tónlistarskóla Rangæinga, af Guðmundi heitnum Gilssyni. Meira varð eiginlegt tónlistarnám ekki lengi vel, en sem ungur maður hneigðist ég til rokkgróltrúar í anda Bítla, Kinks, Dúmbó og Steina og annarra goða þess tíma, og tók að fremja hljóð í anda slíkra með vinum mínum. Síðar bættust þyngri goð við, svo sem Led Zeppelin, Greatful Dead og ýmsir fleiri gaddavírs- og járnarokkarar.

Í Kennaraskólanum, hvar ég hafði tónmennt að valgrein, komst ég í kynni við Jón Ásgeirsson tónskáld, sem hafði mikil áhrif á tónlistarhugsun mína, ekki síst er frá leið. Það hefur svo orðið hlutskipti mitt í lífinu að kenna börnum, m.a. eilítið um músík og tónlist, en þau hafa jafnframt oft orðið mér hvatning til að iðka músík mína.

Á síðasta áratug 20. aldar varð mér það til happs að komast á viku námskeið í tölvutónsmíðum undir stjórn Sigfríðar Björnsdóttur. Þar kynntist ég svolítið undraheimi tónsmíðanna og fann að gaman væri að staldra við. Í framhaldi af því námskeiði settist ég svo á skólabeck veturinn 2000-2001 og nam tónlistarsögu, tónfræði og raftónsmíðar í Tónlistarskóla Kópavogs undir handleiðslu tónskáldanna Hilmars Þórðarsonar, Ríkhards Friðrikssonar og fleiri góðra manna. Árin 2002 – 2004 var ég svo eins konar gestanemandi í raftónsmíðum í sama skóla og naut þar áfram leiðsagnar Hilmars Þórðarsonar auk Haraldar Vignis Sveinbjörnssonar tónskálds.

Árið 2008 gaf ég út með, hvatningu Menningarráðs Suðurlands, hljómdiskinn Raftúra? – electrical nature? sem er úrval rafverka minna frá 1 áratug 21. aldar. Diskurinn er gefinn út í 500 tölusettum eintökum og fæst m.a. í 12 tönnum.”

**Ríkharður H. Friðriksson** gerir raftónlist sem fer tvær grundvallarleiðir; annað hvort gerir hann hreina víðóma afspilunartónlist þar sem unnið er með náttúruhljóð og hreyfingu þeirra í rými, eða hann iðkar lifandi spuna með rafgítar og vinnur hljóð hans áfram með tölvutækni. Í seinni geiranum kemur hann annað hvort fram einn eða með sveitinni Icelandic Sound Company.

Ríkharður kennir tónsmíðar, raftónlist og tónlistarsögu við Listaháskóla Íslands, Tónlistarskóla Kópavogs og Tónlistarskólann í Reykjavík.

*Ríkhardur H. Friðriksson is a musician whose music falls into two general categories; he either makes pure electro-acoustic music, working with natural sounds and their movement in space, or he does live improvisations, playing electric guitar, processed with live electronics, appearing either alone or with the Icelandic Sound Company.*

## Tónleikar #2

**Laugardagur 7.febrúar**  
Saturday

14.00 @ Neskirkja

## **Kammerkór Suðurlands / South Iceland Chamber Choir**

### **Stjórnandi / conductor:**

Hilmar Örn Agnarsson

### **Orgel / Organ:**

Steingrímur Þórhallsson

### **Efnisskrá / Program:**

**John Tavener:** *The Lord's Prayer (Faðir vor)*

**Haraldur V. Sveinbjörnsson:** *Ave Maria*

**Gunnar A. Kristinsson:** *Vakið, verið viðbúinir*

**Örlygur Benediktsson:** *Spekinni sungið lof*

**Elin Gunnlaugsdóttir:** *Weinet nicht-* f. kvenraddir, fiðlu og selló

**Gunnar Reynir Sveinsson :** *Gloria*

**Bára Grímsdóttir:** *Einum best eg unni-* f. kór, orgel og óbó

**Haraldur Rúnar Sverrisson:** *Hið sextánda-* fyrir kór og rafhljóð

**Hafsteinn Þórólfsson:** *Komdu nú klár*

**Eric Withacre:** *Sleep*

### **Um tónleikana / About the concert:**

Árið 2009 verða 10 ár liðin frá því að kórinn söng á Sumartónleikum í Skálholti yfirlits-tónleikadagskrána “Íslensk trúartónlist í 1000 ár”, en af því tilefni var m.a. leitað til tónsmíðanemenda í þáverandi tónfræðadeild T.R. og kórverk þeirra flutt. Nú endurtekur kórinn leikinn; rifjar upp kynnin af þessum verkum, og býður jafnframt nemendum tónsmíðadeildar LHÍ til samstarfs, með flutningi nýrra verka þaðan.

Sérstakan sess í efnisskránni skipar *Gloria* eftir Gunnar Reyni Sveinsson. Með þeim flutningi vill Kammerkór Suðurlands heiðra minningu tónskáldsins, sem lést 2. febrúar 2008. Frá upphafi hefur tónlist Gunnars Reynis skipað ríkulegan sess í tilveru kórsins og athöfnum, m.a. með útgáfu verka hans á hljómdisknum “Til Máriu” árið 2005.

Kórinn hefur á síðustu misserum verið í nánú sambandi við nokkra erlenda samtímahöfunda, m.a. hinn bandaríska Eric Whitacre (f. 1970) og Sir John Tavener, sem var staðartónskáld Sumartónleika í Skálholti fyrir fjórum árum síðan, og sérsamdi þá fyrir Kammerkórinn verkið *Schoun Hymnen*, sem var frumflutt við það tækifæri. Þess má geta að á næstunni er væntanleg útgáfa nýs geisladisks kórsins með verkum Taveners.

*10 Years ago the South Iceland Chamber Choir performed at a summer concert “1000 years of Icelandic Religious Music” in Skálholt – and they got students from Reykjavik Music College to compose music especially for that occasion. Now it is time to revisit these 10 year old pieces mixed with brand new composed by students of the Iceland Academy of the Arts.*

## Laugardagur 7.febrúar Saturday

17.00 @ Hafnarborg, Hafnarfjörður

### Tinna Þorsteinsdóttir, píanó Frank Aarnink, slagverk / percussion

#### Efnisskrá / Program:

**Anna S. Þorvaldsdóttir:** *[One]* (2008) – frumflutningur  
**Steingrímur Rohloff:** *Repercussion* (2007) – frumflutningur á Íslandi  
**Puríður Jónsdóttir:** *Wide Shot* f. píanó (2007) – frumflutningur  
**Karólína Eiríksdóttir:** *Sýsl á víxl* f. marimbu og píanó (2009) - frumflutningur  
**Áki Ásgeirsson:** *319°*(2009) - frumflutningur  
**Páll Ivan Pálsson:** *Tókastaðir* (2009) –frumflutningur

#### Um flytjendur / About the performers:

**Tinna Þorsteinsdóttir** hefur lengi verið virk í íslensku tónlistarlífi og frumflutt hátt á annan tug verka sem hafa sérstaklega verið skrifuð fyrir hana. Hún hefur starfað með íslenskum tónskáldum sem og þeim Helmut Lachenmann, Christian Wolff, Morton Subotnick, Evan Ziporyn og Greg Davis. Á Myrkum Músíkdögum 2005 hélt hún einleikstónleika þar sem hún frumflutti fimm íslensk píanóverk. Í kjölfarið flutti hún sömu efnisskrá á listahátíðinni Nordischer Klang í Þýskalandi, í Berlín, Peking, á Listahátíðinni í Bergen í seríunni Unge Talenter 2006 og í Kaupmannahöfn 2007. Vorið 2007 endurtók hún leikinn og frumflutti þá fimm íslensk píanóverk á Listahátíð í Reykjavík. Tinna hefur m.a. komið fram á Bang on a Can maraþoni í San Francisco, í Portúgal, Austurríki og Boston. Hún stundaði nám í í Hannover og í Münster í Þýskalandi og síðar við New England Conservatory of Music í Boston hjá Stephen Drury. Tinna hlaut Fulbright styrk og Thor Thors styrkinn frá The American-Scandinavian Foundation. Hún er píanóleikari salón-hljómsveitarinnar L'amour fou og tónlistarhópsins Njúton. Fyrsti geisladiskur Tinnu kom út hjá Smekkleysu árið 2007. Hann ber nafnið Granit Games og inniheldur íslensk píanóverk.

*Tinna Thorsteinsdóttir has a broad experience with new piano music and has premiered many solo pieces especially written for her. She has worked with Icelandic composers, as well as Helmut Lachenmann, Christian Wolff, Morton Subotnick, Evan Ziporyn and Greg Davis. Tinna premiered five Icelandic piano pieces in a concert at the Dark Music Days Festival in 2005 and performed the program furthermore at the Nordischer Klang festival in Germany, in Berlin, Beijing, at the Bergen International Festival 2006 in the Series Young Talents and in Copenhagen 2007. Tinna again gave a solo recital at the Reykjavík Arts Festival in 2007 where she premiered five Icelandic pieces. Some other performances include the Bang on a Can Marathon in San Francisco, performances in Portugal, Austria and Boston. Tinna studied in Hannover and Münster in Germany and at the New England Conservatory of Music in Boston with Stephen Drury. She received a Fulbright scholarship and the Thor Thors grant from the American-Scandinavian Foundation. Tinna is the pianist of the salon band L'amour fou and the new music group Njúton. Her first solo CD Granit Games with Icelandic piano music was released in 2007 with Bad Taste Records.*

**Frank Aarnink** stundaði nám í Hilversum og Amsterdam. Hann hefur spilað með flestum af þekktustu símfóníuhljómsveitum og blásarasveitum Hollands og tekið þátt í mörgum óperu- og söngleikjauppfærslum þar í landi. Frá árinu 2001 hefur Frank verið fastráðinn sem slagverks- og pákuleikari við Símfóníuhljómsveit Íslands. Eftir að Frank fluttist til Íslands hefur hann tekið virkan þátt í tónlistarlífi Íslendinga. Hann hefur m.a. starfað sem slagverksleikari við Íslensku óperuna, slagverkshópinn Bendu, Kammersveit Reykjavíkur, Caput, Atón og Lúðrasveit Reykjavíkur. Íslensk tónskáld hafa samið sérstaklega tónverk fyrir hann, þar á meðal eru tónskáldin Daniel Bjarnason og

Anna S. Þorvaldsdóttir. Frank er slagverkskennari í Tónlistarskóla FÍH. Einnig kennir hann slagverk við Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar.

***Frank Aarnink** studied in Hilversum and Amsterdam. He has performed with most of Netherlands' renowned symphony orchestras, wind ensembles and has participated in various opera and musical productions as well. From the year 2001 Frank has been engaged as percussionist and timpanist with the Iceland Symphony Orchestra. Since moving to Iceland Frank has been very active in the Icelandic music scene. Some of his activities include performances with the Icelandic Opera, the percussion ensemble Benda, the Reykjavik Chamber Orchestra, Caput, Atón and the Reykjavik City Band. Frank has worked with many Icelandic composers, who have written pieces for him, among others Daníel Bjarnason and Anna S. Þorvaldsdóttir. Frank is a percussion teacher at the FÍH School of Music.*

## TÓNLEIKAR # 4

**Laugardagur 7.febrúar**

Saturday

20.00 @ Guðríðarkirkja, Grafarholti

## CAPUT

**Stjórnendur / Conductors:** Philippe Manoury & Guðni Franzson

Kolbeinn Bjarnson, flauta / flute  
Eydis Franzdóttir, óbó / oboe  
Ármann Helgason, klarinetta / clarinet  
Brjánn Ingason, fagott / bassoon  
Emil Friðfinnsson, horn  
Eiríkur Örn Pálsson, trompet / trumpet  
Sigurður Þorbergsson, básúna / trombone  
Per Forsberg, túba  
Steeff van Oosterhout, slagverk / percussion  
Kjartan Guðnason, slagverk / percussion  
Frank Aarnink, slagverk / percussion  
Þorvaldur Þór Þorvaldsson, slagverk / percussion  
Elisabet Waage, harpa / harp  
Helga Bryndís Magnúsdóttir, píanó/selesta  
Valgerður Andrésdóttir, píanó  
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla / violin  
Hildigunnur Halldórsdóttir, fiðla / violin  
Svava Bernharðsdóttir, víóla  
Sigurður Halldórsson, selló / cello  
Hávarður Tryggvason, kontrabassi / Contrabass

### Efnisskrá / Program:

**Philippe Manoury:** *Jupiter* fyrir flautu og rafhljóð

**Einar Torfi Einarsson:** *Nine tensions*

**Atli Heimir Sveinsson:** *Hlými*

**Philippe Manoury:** *Instant pluriels* fyrir tvo hljóðfærahópa

Um flytjendur / About the performers:

CAPUT-hópurinn var stofnaður 1987 af ungum íslenskum tónlistarmönnum í þeim tilgangi að flytja nýja tónlist.

CAPUT hefur frumflutt fjölda íslenskra og evrópskra tónverka og haldið tónleika Norður-Ameríku og í 15 löndum Evrópu.

CAPUT hefur komið fram á fjölmörgum tónlistarhátíðum í Evrópu, í Ameríku og á Íslandi. Hér má nefna: „Haust í Varsjá“, Gulbenkian hátíðina í Lissabon, New Concert Series í Toronto, Santa Cecilia í Róm, Wigmore Hall í London, Holland Festival í Amsterdam, Listahátíð í Færeyjum, Listahátíð í Reykjavík og Sumartónleika í Skálholtskirkju.

CAPUT hefur gefið út nýu hljómdiska í Danmörku, Svíþjóð, Ítalíu, Bandaríkjunum og á Íslandi. Auk þess hafa hljóðritanir hópsins komið út á sjö safndiskum.

CAPUT er leiðandi afl í nýrri tónlist á Íslandi og er á meðal fremstu tónlistarhópa í Evrópu sem fást við nýja tónlist. Hópurinn hefur hvarvetna hlotið lof fyrir kraftmikla túlkun og tæknilega yfirburði.

CAPUT hlaut menningarverðlaun Dagblaðsins árið 1995 og hafa tónverk flutt af hópnum margoft verið valin til kynningar á Alþjóðlega tónskáldáþinginu í París.

The new music ensemble CAPUT was founded in 1987 by young Icelandic musicians. It started as a small chamber group but grew rapidly to a sinfonietta with up to 18 players. The size of CAPUT has always been flexible. Each member can stand out as a soloist and the ensemble plays duos, trios, quartets, octets etc.

The "childhood" of CAPUT was spent in Iceland but since 1992 the ensemble has given numerous concerts abroad. The first tour was organised by Italian composers, forming the group "Nuove Sincronie" and Gaudeamus in Holland with concerts in Amsterdam, Bonn and Milan. Now CAPUT has performed in 15 European countries, in Canada, USA and Japan. On the list are among others:

- Warsaw Autumn Festival
- The Gulbenkian Festival in Lisbon
- Holland Festival
- Prague Marathon
- The International New Music Week in Bucharest
- New Concert Series in Toronto and
- Santa Cecilia in Rome

CAPUT organizes its own concert series in Iceland but also takes part in festivals like the Dark Music Days and Reykjavík Arts Festival.

The first CD was made for the Italian label "Stradivarius" in 1993 with music by Aldo Clementi and Riccardo Nova. CAPUT has now made 14 CDs for labels in Iceland, Denmark, Sweden, Italy, England and the United States. A collaboration with the Swedish label BIS began in 1997 with Haukur Tómasson's "Gudrun fourth Song." The latest CD with BIS is with the music of Atli Ingólfsson.

CAPUT has premiered countless works by Icelandic and "Overseas" composers – everything is overseas for Icelanders. Among composers that have written for or worked with CAPUT are:

- Bent Sørensen, Denmark
- Olaf Anton Thommesen, Norway
- Doina Rotaru, Romania
- Jukka Koskinen, Finland
- Veli Matti Puumala, Finland
- Aldo Clementi, Italia
- Fausto Romitelli, Italia
- Allesandro Solbiati Italia
- Toshio Hosokawa, Japan
- Misato Mochizuki, Japan
- Hiroyuki Itoh, Japan

Most Icelandic composers have worked with CAPUT, some of them from beginning.

CAPUT has established itself as a force in Icelandic cultural life and as one of the leading new music ensembles in Nordic countries. The group is widely acclaimed for its powerful interpretation and technical proficiency. Performances by CAPUT have often been presented at the annual International Rostrum of Composers in Paris.

Um tónskáldin / About the composers

**Einar Torfi Einarsson** stundaði tónsmíðanám við Tónlistarskólann í Reykjavík undir handleiðslu Guðmundar Hafsteinssonar, Hróðmars Inga Sigurbjörnssonar og Kjartan Ólafssonar. Hann hélt til framhaldsnáms við Conservatorium van Amsterdam árið 2005 til að nema hjá Fabio Nieder. Einar Torfi stundar nú masternám í Amsterdam hjá Richard Ayres, Willem Jeths og Fabio Nieder. Einnig stundar hann tímabundið nám hjá Beat Furrer í Graz.

Tónlist Einars Torfa hefur verið flutt á Íslandi, Norðurlöndunum og víðar í Evrópu. Einar Torfi hefur unnið með Nieuw Ensemble og Asko Ensemble í Amsterdam.

***Einar Torfi Einarsson** studied composition at Reykjavík College of Music with Guðmundur Hafsteinsson, Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson and Kjartan Ólafsson, and further composition studies at the Conservatorium van Amsterdam with Fabio Nieder. He now undergoes a master-programme at the Conservatorium with Richard Ayres, Willem Jeths and Fabio Nieder. Also, temporarily he studies with*

*Beat Furrer in Graz. His music has been performed in Iceland, Scandinavia and other places in Europe. Einar Torfi has worked with the Nieuw Ensemble and Asko Ensemble in Amsterdam.*

## **Um verkin / About the music**

### **Hlými**

Ég hlustaði á Hlými nýlega í flutningi útvarpshljómsveitarinnar í Varsjá.  
Ég samdi þetta verk fyrir nær hálfri öld og það var mitt ópus eitt.

Núna finnst mér Hlými vera þunglyndislegur impressjónismi í búningi raðtækninnar.

Ég reyndi að búa til hljóðeyjar í þagnarhafinu, sýna fram á einingu hljóðs og þagnar: hljóð rennur inn í þögn, vex líka út úr henni.  
Tónn umbreytist í hávaða og hávaði leysist upp í tón.

Í Hlými líðum við frá einu ástandi til annars.

Ég reyndi að búa til algjört tímaleysi. Er ekki tíminn "...eins og kringlótt smámynt sem er reist er upp á rönd." ? Þannig orti Steinn Steinarr.

Hér voru engin stef sem unnið var með, engin úrvinnsla í hefðbundinni merkingu.

Ég vann mikið með fingerð litbrigði í hljóðblöndun hljóðfæranna, bjó til melódíu litanna:  
Klangfarbenmelodie.

Ég notaði nýstárlegar leikaðferðir á hljóðfærin og bjó til ný "hljóðfæri": glerrúður og flöskur eru brotnar.

Hörður Ágústsson listmálari sagði um verkið: "Ég sá hljóðfærin, en heyrði eitthvað sem hljómaði allt öðruvísi en það sem ég hafði áður heyrt þessi hljóðfæri gera."

Og ég bjó til grúpu- og mómentform: ný hugtök, sem Stockhausen fann upp, Ég eins og margir aðrir botnuðu lítið í þeim þælingum meistarans.

Og um hvað snýst svo þetta allt?

Ég var að gera upp við námsárin, áhrifin frá Köln og Darmstadt, leita að persónulegum og tjáningarríku stíl sem væri ólíkur því sem aðrir voru að gera.

Þegar verkið var flutt hér heima undir minni stjórn, á Musica nova-tónleikum, sennilega 1964, var því vel tekið af áheyrendum, en gagnrýnendur sölluðu það niður og músikpáfar landsins vöruðu söfnuði sína við "tóninu frá Köln" - AHS

### **Nine Tensions**

Skrifað fyrir stofnverkefni við Ligeti Academy sem frumflutti verkið í Muziekgebouw í Amsterdam 15. maí 2008. Verkið fékk Henriëtte Bosmansprijs verðlaunin síðastliðinn nóvember, verðlaun veitt af Hollenska Tónskáldafélaginu.

Eins og titill verksins bendir til er um að ræða níu þætti eða níu lítil smáverk sem saman mynda heild. Í fyrstu fimm þáttunum er um stöðuga framsetningu á nýjum efnivið að ræða, mismunandi litir og misháir styrkleikar á þéttleika eru kannaðir. Fimmti þátturinn, sem stingur í stúf við hina þættina, lítur til baka á fyrri hreyfingar og afleiðing af því verður afgangur verksins, þ.e.a.s. sjötti til níundi þáttur endurtekur efnivið fyrstu fjóra þáttana í öfugri röð. Þessi endurtekning myndast þó á ákveðinn sjálf-rannsakandi og umbreyttan hátt.

Kannanir á hljóðfæralit, og mismunandi tegundir af spennum (tensions): tíma-spennur, hrin-spennur og hljóð-spennur, ásamt hljóð-einingu, voru mín megin umhugsunarefni við gerð verksins. Ég hugsa tónlistarhópin sem eitt hljóðfæri sem hinar ýmsu hliðar á eru kannaðar í gegnum form verksins.

### **Nine Tensions**

*The piece was written for the pilot-programme of the Ligeti Academy, which premiered the piece in Muziekgebouw in Amsterdam in May 2008. The piece was awarded the Henriëtte Bosmansprijs 2008. As the title suggests the piece is made out of nine movements or nine small pieces, which together create a whole. For the first 5 movements there is a steady confrontation of new material, different colours and various degrees of substantiality is explored. In the fifth movement (which is a contrast towards the rest) the piece looks back on itself and through movement 6 until 9 there is an iteration of*

*the first four movements in a reversed order. This iteration comes through in a slightly self-examined and transformed way, i.e. some things from previous movements get a special attention and focus. Exploring instrumental colours and different kind of tensions; tensions of time, rhythm and tensions of sounds, as well as unity of sound, were my main concerns whilst composing this piece. The whole ensemble is thought of as one single instrument, which then, different aspects of, is explored through the form of the piece. - ETE*

Born in Tulle in 1952, **Philippe Manoury** studied the piano (with Pierre Sancan) then, at the École Normale de Musique in Paris, composition (with Gérard Condé and Max Deutsch) as well as harmony and counterpoint. Finally, at the Paris Conservatory he completed his training with Claude Ballif (musical analysis), and Ivo Malec then Michel Philippot (composition). From the age of 19 he was active in the main centres of contemporary music performance (Royan, La Rochelle, Donaueschingen, London, etc.), the premiere in 1974 of *Cryptophonos* by Claude Helffer drew him to the attention of audiences. He was resident in Brazil from 1978 to 1981 where he held classes and gave lectures in various universities (Sao Paulo, Brasilia, Rio de Janeiro, Salvador). On his return to France in 1981 Philippe Manoury received an invitation from IRCAM, and since then he has continually worked there as a researcher, a composer and a teacher. In association with the mathematician Miller Puckette, his research has been focussed on the interaction, in real time, of acoustic instruments and new technologies linked to musical IT. From this work came *Sonus ex machina*, a cycle of interactive pieces for various instruments: *Jupiter*, *Pluton*, *La Partition du Ciel et de l'Enfer* and *Neptune*. From 1983 to 1987 he was in charge of pedagogy for the Ensemble Intercontemporain, and taught composition and electronic music at the Lyons Conservatory from 1987 to 1997. He has also held many composition seminars in France and abroad (United States, Japan, Finland, Sweden, Czech Republic, Canada). From 1995 to 2001 he was composer in residence with the Orchestre de Paris, and then, from 2001 to 2003, for the National Theatre in Orléans, having, from 1998 to 2000, directed the European Music Academy of the Festival of Aix en Provence. Since the autumn of 2004 he has been teaching at the University of California in San Diego. Manoury's music has been performed in many leading cities around the world (Amsterdam, Berlin, Bratislava, Helsinki, Moscow, Oslo, Saint Petersburg, Tokyo, Vienna) and has been admired by leading personalities, such as Pierre Boulez, the dedicatee and first conductor of *Sound and Fury* at the head of the Chicago Symphony Orchestra and the Cleveland Orchestra, and conductor of several of his works; Esa-Pekka Salonen, who, conducting the Orchestre de Paris, gave the first performance of *Noon* (2003); Kent Nagano, who, as director of the Bayerische Staatsorchester, conducted the world premiere of *Abgrund* (2007). His ensemble music has been commissioned and premiered by eminent groups such as the Ensemble Intercontemporain 5 (*Identités remarquables*, in 2005, Paris), Ensemble Modern (*Strange ritual*, in 2005, Japan) and the Orchestre Poitou- Charente (*Terra ignota*, in 2007, Niort and Paris). In his recent work Philippe Manoury has shown that the voice is a form of expression he has especially liked to cultivate: as a solo surrounded by instruments (*Cruel Spirals*, in 2007), within a vocal ensemble (*On-Iron* in 2006 and *Trakl Gedichte* in 2007 were the result of a collaboration with Accentus) and in operatic form (*60e Parallèle*, in 1998 at the Théâtre du Châtelet, Paris; *KÖ*, based on Kafka's *The Trial*, in 2001 at the Paris Opera; *La Frontière*, in 2003 at the National Theatre in Orléans). The SACEM has awarded Philippe Manoury three prizes: Prize for chamber music (1976), Prize for best musical production (for *Jupiter*, 1988) and Grand Prix for symphonic music (1999). After receiving the Grand Prix for composition from the City of Paris 1998, he was awarded the Grand Prix of the SACD (2001) for his opera *K*, the Prize of the French musical press (2001), and the 'Prince Pierre Ier de Monaco' Prize (2002).

**Sunnudagur 8.febrúar**  
**Sunday**

14.00 @ Salurinn, Kópavogi

**Martial Nardeau, flauta / flute**  
**Guðrún Birgisdóttir, flauta**  
**Snorri Sigfús Birgisson, píanó**

**Efnisskrá / Program:**

**Mist Þorkeldsdóttir** (1960): *Krummavísa* (1996)  
**Snorri Sigfús Birgisson** (1954): *Partíta* (1995/'97/2002)  
**Mist Þorkeldsdóttir**: *Afagull* (2001)

*Hlé / Intermission*

**Snorri Sigfús Birgisson**: *Hlið við hlið* (1997/2003)  
**Kjartan Ólafsson** (1958): *Calculus 2* (2009) frumfl.  
**Kjartan Ólafsson**: *Calculus* (1990)  
**Klaus Ager** (1946): *Zweite Elegie* (2001)

**Um verkin / About the music**

Mist Þorkeldsdóttir (1960):

*Krummavísa* (1996) 8mn fyrir einleiksflautu.

Mist samdi *Krummavísu* í Boston árið 1996 fyrir Magneu Árnadóttur frænku sína sem þá var að útskrifast sem flautuleikari. Mist segir um verkið: "Mig langaði að skrifa eitthvað þjóðlegt en jafnframt gefa flautuleikaranum færi á að sína að hann kynni ýmislegt fyrir sér".

*Afagull* (2001) 9mn. fyrir tvær flautur.

Fjölskyldubönd hafa getið af sér sérstakt tónsmíðaform hjá Misti Þorkeldsdóttur: Hverju barna sinna þriggja hefur hún tileinkað flautuverk. Fyrst komu einleiksverkin Rún og Við stokkinn handa Guðrúnu Misti og Þorkeli Helga. Hér gefur síðan að heyra þriðja verkið í röðinni, dúettinn *Afagull*, tileinkaðan Sindra. Heitið er upprunið í kviðlingi sem langafi drengsins samdi þegar hann kom í heiminn. Verkið virðist einkum vera kankvís svipmynd af drengnum þótt kannski kinki móðirin ástúðlega kolli undir lok þess. Þetta fjöruga, nánast strákslega verk hafa Guðrún og Martial ósjaldan leikið fyrir skólalöng frá því það var samið árið 2001.  
(Atli Ingólfsson)

Snorri Sigfús Birgisson (1954):

*Partíta* fyrir einleiksflautu 12mn.

Þetta verk var samið árið 1997 og endurskoðað lítillega árið 2003. Það er tileinkað Martial Nardeau sem frumflutti það 25.apríl 1998 í Norræna Húsinu. Verkið er í 10 köflum sem leiknir eru án hlés. Nafn Martials myndar 6 tóna hljómi og verkið er að miklu leyti byggt á þessum hljómi (M(i)-a-r(e)-ti-(f)a-l(a bémol)).

*Hlið við hlið* (1995/'97/2002) 13mn. fyrir tvær flautur.

Fyrsti kaflinn hverfist um sjálfan sig; í kafla tvö skiptist á efni af tvennum toga, annars vegar eru flauturnar algjörlega samstíga en hins vegar elta þær hvor aðra; í þriðja kafla fara flauturnar ólíkar leiðir að sama markmiði og í fjórða og síðasta kaflanum eru flauturnar sammála bæði um markmið og leiðir.

Kjartan Ólafsson (1958):

Calculus fyrir einleiksflautu (1990) 12mn.

Calculus 2 (2009) 10mn. fyrir flautu og píanó (frumflutningur).

Klaus Ager (1946):

Die zweite Elegie fyrir einleiksflautu (2001) 9mn.

Einleiksverkið Die zweite Elegie op. 74. 1 var samið árið 2001 fyrir flautu og altflautu. Af verkinu er líka til útgáfa fyrir sögumann, flautu og rafhljóð op.74.2

### **Flytjendur / The Performers**

**Martial Nardeau** hóf að læra á flautu níu ára gamall hjá Raymond Pauchet í Tónlistarskólanum í Boulogne sur Mer í Frakklandi og útskrifaðist þaðan sextán ára gamall. Á næstu árum hélt hann áfram námi í París hjá Fernand Caratgé og Roger Bourdin og vann til margra verðlauna og viðurkenninga. Á árunum 1979 til 1982 var hann fastráðinn við Lamoureux-sinfóníuhljómsveitina í París ásamt því að vera flautukennari við Ríkistónlistarskólana í Limoges og Amiens en kom jafnframt víða fram sem einleikari. Árið 1982 settist Martial að á Íslandi. Hann hefur æ síðan starfað í Kammersveit Reykjavíkur og Hljómsveit Íslensku óperunnar, Kammersveit Hallgrímskirkju og leikið með fjölmörgum tónlistarhópum. Hann er fastráðinn við Sinfóníuhljómsveit Íslands og starfar sem kennari við Listaháskóla Íslands. Martial hefur einnig ferðast mikið sem tónlistarmaður og komið fram í um það bil 20 löndum. Hann hefur lagt stund á barokkflautuleik og þar notið leiðsagnar Pierre Séchet. Í rúmlega áratug stóð hann fyrir reglulegum tónleikum á upprunaleg hljóðfæri í Kópavogi.

*Martial Nardeau began to study the flute at the age of nine with Raymond Pauchet at the Conservatory in Boulogne sur Mer. He continued his studies with Fernand Caratgé and Roger Bourdin in Paris, winning many prizes and awards. From 1979 to 1982, he was a permanent member of the Lamoureux Symphony Orchestra in Paris and taught the flute at the Conservatories in Limoges and Amiens, as well as making many solo appearances. Martial has lived in Iceland since 1982. He is a flautist in The Icelandic Symphony Orchestra, Reykjavik Chamber Orchestra and The Icelandic Opera Orchestra and teaches at the Iceland Academy of the Arts. Martial has also studied the baroque flute with Pierre Séchet. For more than a decade, he organised a series of baroque concerts in Kópavogur. Martial travels widely as a musician and has appeared as a soloist and chamber musician in more than 20 countries.*

**Guðrún Sigríður Birgisdóttir** stundaði nám í flautuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Manuelu Wiesler og lærði svo áfram við Musikkhøgskolen i Oslo og í Frakklandi. Að loknum prófum frá Ecole Normale de Musique í París (m.a. Diplôme d'Exécution í flautuleik og Diplôme Supérieur de Concertiste í kammermúsík) stundaði hún framhaldsnám hjá Raymond Guiot og Pierre-Yves Artaud í þrjú ár með styrk frá franska ríkinu. Hún hóf störf á Íslandi árið 1982 sem sjálfstæður flautuleikari og kennari við Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónlistarskóla Kópavogs. Hún er nú deildarstjóri við Tónlistarskóla Kópavogs og hefur útskrifað þaðan marga nemendur. Guðrún hóf ung störf sem flautuleikari í Hljómsveit Íslensku óperunnar og leikur þar enn. Hún hefur haldið fjölda einleiks- og kammertónleika, hljóðritað fyrir útvarp og sjónvarp og gefið út nokkra geisladiska en einnig leikið á barokkflautu og frumflutt íslensk flautuverk, sem mörg hafa verið samin fyrir hennar tilstuðlan. Hún hefur fengið starfsstyrki sem Bæjarlistamaður Kópavogs og starfslaun íslenska ríkisins, síðast árið 2006.

**Guðrún Birgisdóttir** studied the flute with Manuela Wiesler at the Reykjavik College of Music and later with Per Öien at the The Norwegian Academy of Music in Oslo. She continued her studies with Fernand Caratgé at the Ecole Normale de Musique in Paris. She graduated with a Concert diploma and was then awarded a French government grant to study further with Raymond Guiot and Pierre-Yves Artaud. Later she also studied the baroque flute with Pierre Séchet. She has been a freelance musician in Iceland since 1982, playing in various groups and orchestras such as the Icelandic Opera Orchestra. She has released several CD, and premiered many pieces which have been especially written for her. She is currently head of The Department of Wind Instruments at the Kopavogur School of Music where she has been teaching for many years. Guðrún performs with Martial Nardeau a wide range of music for two flutes and regularly plays recitals with pianist Peter Máté, guitarists Pétur Jónason and Kristinn Arnason as well as harpist Elisabet Waage, to name but a few. Guðrún has received many honours for her musical activities in Iceland.

### **Tónskáldin / The composers**

**Mist Þorkeldsdóttir** stundaði nám í píanó- og semballeik við Tónlistarskólann í Reykjavík. Að loknu stúdentsprófi fór hún í nám til Minnesota, lærði tónsmíðar undir handleiðslu Russel G. Harris við Hamline University, St. Paul, Minnesota, og tók þaðan BA próf í tónlist 1982. Hún hélt áfram námi hjá Lejaren Hiller og Morton Feldman við State University of New York í Buffalo veturinn 1983. Eftir nokkurra ára kennslu, og þátttöku í stjórnum Musica Nova og Ung Nordisk Musik fór hún í framhaldsnám til Boston University með Theodor Antoniou og Lukas Foss sem aðalkennara, og lauk Masters prófi þaðan 1993. Mist hefur fengið pantanir og styrki frá flytjendum og samtökum á Íslandi, Norðurlöndum og í Bandaríkjunum. Nokkrir tugir verka eftir hana eru á skrá hjá Íslenskri Tónverkamiðstöð, frá einleiksverkum upp í hljómsveitarverk. Sem stendur er hún í stjórn Tónskáldafélags Íslands og er deildarforseti tónlistardeildar Listaháskóla Íslands.

*Mist Þorkeldsdóttir studied piano and harpsichord at the Reykjavik College of Music. She continued her studies in the United States, first at Hamline University, St. Paul, Minnesota, then composition with Lejaren Hiller and Morton Feldman at the State University of New York at Buffalo and at Boston University with Theodor Antoniou and Lukas Foss. After completing her studies, and having three children, Mist embraced Icelandic musical life, teaching and being active in various artistic organizations as well as composing. She has received commissions and grants from performers and organizations in America and Europe. Currently, Mist sits on the board of the Society of Icelandic Composers and is Dean of the Music Department at the Icelandic Academy of the Arts.*

**Snorri Sigfús Birgisson** er fæddur 1954. Hann stundaði píanónám fyrst hjá Gunnari Sigurgeirssyni en innritaðist síðan í Tónlistarskólann í Reykjavík. Þar lærði hann á píanó hjá Hermínu S. Kristjánsson, Jóni Nordal og Árna Kristjánsyni en lagði einnig stund á tónsmíðar hjá Þorkeli Sigurbjörnssyni. Hann lauk einleikaraprófi árið 1974. Veturinn 1974-1975 stundaði hann framhaldsnám í píanóleik hjá Barry Snyder við Eastman School of Music í Bandaríkjunum, 1975-76 tónsmíðanám í Osló hjá Finn Mortensen (enn fremur nám í raftónlist hjá Lasse Thoresen og "sonology" hjá Thoresen og Olav Anton Thommessen) og árin 1976-1978 lærði hann tónsmíðar hjá Ton de Leeuw í Amsterdam. Snorri hefur starfað í Reykjavík sem tónskáld, píanóleikari, tónlistarkennari og stjórnandi síðan hann kom heim frá námi (1980). Hann hefur samið einleiksverk, kammertónlist, raftónlist, kórtónlist og sinfónísk verk. Hann er félagi í Caput-hópnum.

*The composer and pianist Snorri Sigfús Birgisson commenced his musical studies with Gunnar Sigurgeirsson after which he went on to study at the Reykjavik College of Music where his teachers were Hermína Kristjánsson, Jón Nordal, Árni Kristjánsson (piano), and Þorkell Sigurbjörnsson (composition). He studied piano with Barry Snyder at the Eastman School of Music, U.S.A. (1974-1975) and composition with Finn Mortensen in Norway where he also studied electronic music with Lasse Thoresen and sonology with Thoresen and Olav Anton Thommessen (1975-76). Snorri moved to Amsterdam in 1976 where he studied composition for two years with Ton de Leeuw. Since 1980 he has been living in Reykjavík, where he is active as a musician and music teacher. He has composed solo works, chamber works, symphonic pieces and choral music. He is a member of Caput the Icelandic ensemble for new music.*

**Klaus Ager** fæddist árið 1946 í Salzburg og nam tónsmíðar, hljómsveitarstjórn og tónfræðigreinar við Mozarteum og háskólann þar í borg og hjá Olivier Messiaen og Pierre Schaeffer við

Tónlistarháskólann í París. Hann var listrænn stjórnandi Österreichische Ensemble für Neue Musik á árunum 1975-1986 og kom þá fram á mörgum tónleikum heima og heiman. Frá árinu 1977 er hann listrænn stjórnandi nútímatónlistarhátíðarinnar ASPEKTE í Salzburg. Klaus Ager er formaður tónskáldafélagsins í Austurríki. Hann var prófessor í tónsmíðum við Bergenz tónlistarskólann í Austurríki og tónbókemntum við Mozarteum í Salzburg frá árinu 1978. Hann var rektor Mozarteum á árunum 1995-2000. Á verkaskrá hans er hljómsveitartónlist, kórtónlist, kammertónlist og raf- og tölvutónlist. Hann hefur verið gestatónskáld við við marga bandaríska háskóla á liðnum árum. Verk hans hafa verið flutt í Evrópu, Bandaríkjunum, Suður-Ameríku, Japan, Kóreu og víðar.

***Klaus Ager** was born 1946 in Salzburg, studied music (composition, orchestra conducting and musicology) at the "Mozarteum" Academy in Salzburg, the University of Salzburg, and in Paris at the "Conservatoire National" with O. Messiaen and P. Schaeffer. Artistic Director of the "Austrian New Music Ensemble" from 1975 - 1986 and extensive concert activity at home and abroad. Since 1977 Artistic Director of the New Music Festival ASPEKTE Salzburg. Since May 2004 President of the Austrian Composers' Association. Professor for Composition at the Conservatory of Bregenz from 1980 - 1986 and professor for music analysis at the "Mozarteum" Academy for music in Salzburg since 1978. From October 1995 to Sept. 2000 President of this school. The list of his compositions includes orchestra music, choral works and chamber music as well as electronic and computer music. Guest Composer at several American University computer music centres in recent years. Performances of his music in Europe an abroad, lectures in Europe, the US, Latin America, Korea, Japan etc.*

## Sunnudagur 8.febrúar Sunday

17.00 @ Hafnarborg, Hafnarfjörður

### Norðurljós og sunnanvindur *Northern lights and southly breeze*

## Rannveig Fríða Bragadóttir, mezzósópran Julia Tinhof, píanó

#### Efnisskrá / Program:

**Sigfús Einarsson:** *Draumalandið*

**Franz Mixa:** 5 sönglög úr *Des Knaben Wunderhorn*

**Íslenskt þjóðlag:** *Undir bláum sólar sali*

**Íslenskt þjóðlag:** *Litlu börnin leika sér*

**Helmut Neumann:** *Suchen und finden* –op. 113 við ljóð Gustaf Adolf Neumanns

Hlé / Intermission

**Jón Ásgeirsson:** *Maístjarnan*

**Viktor Urbancic:** *Elisabeth* – Þrjú sönglög op. 8 við texta byggða á ljóðum eftir Hermann Hesse

**Viktor Urbancic:** *Fäden*

**Jórunn Viðar:** *Karl sat undir kletti*

**Jón Þórarinnsson:** *Fuglinn í fjörinni*

**Páll Pampichler Pálsson:** *Erotískir söngvar* við ljóð Wilhelm Buschs

#### Um efnisskrána Norðurljós og sunnanvindur:

“Þróun tónlistar og tónlistarflutnings á Íslandi sem í dag er á alþjóðamælikvarða, gerist í afar stórum stökkum á tuttugustu öld. Þar kemur fjöldi erlendir tónlistarmenn við sögu, þar af margir austurrískir. Þegar þúsund ára afmæli Alþingis stóð fyrir dyrum í lok 20. áratugsins og hátíðarhöld með miklum tónlistarflutningi var í plönun, var ákveðið að fela undirbúninginn í hendur erlends tónlistarmanns. Sigfús Einarsson fór í þeim tilgangi að ráða rétta manninn til Vínarborgar og kynntist þar tónskáldinu Franz Lehar. Lehar mælti með hinum unga stjórnanda Franz Mixa, sem fór með til Ísland og starfaði þar næsta áratuginn.

Árið 2004 vann ég að stóru verkefni um tónskáldið Pál Pampichler Pálsson og las af því tilefni mér til í íslenskri tónlistarsögu. Þar rakst ég mjög oft á nöfn Franz Mixa og Viktor Urbancic. Nöfn þessi voru mér auðvitað ekki framandi. 1997 flutti ég fyrst nokkur lög eftir Urnacic ásamt Jónasi Ingimundarsyni og í tilefni 100 ára afmælis Mixa árið 2002 söng ég lög eftir hann á tónleikum í Graz. Það sem fyllti mig undrun var hversu mikil áhrif þessir tónlistarmenn höfðu á uppbyggingu tónlistarlífs og tónmenntunar á Íslandi, áhrif sem í gegnum þá góðu tónlistar menn sem enn starfa á Íslandi, ná fram til dagsins í dag. Ætla má að heil kynslóð tónskálda hafi byrjað sitt nám hjá Viktor Urbanic. Bæði Mixa og Urbancic voru óvenjulega hámenntaðir á sviði tónlistar og unnu á Íslandi starf frumherja við oft knappar og erfiðar aðstæður.

Páll P. Pálsson kom seinna til landsins ásamt fleiri góðum tónlistarmönnum sem ekki verður getið hér. Pál Pampichler Pálsson starfaði í yfir þrjátíu ár stöðugt sem stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er eitt okkar bestu tónskálda.

Á fleiri sviðum hafa tengsl Austurríkis og Íslands verið sterk. Tónlistarháskólinn í Vín var einn af mikilvægustu menntastofnunum sem stúdentar frá Íslandi sóttu nám til. Hér starfaði Svanhvít Egisdóttir í áratugi við einsöngvaradeild skólans. Mörgum hefur austurríska tónskáldið Helmut Neumann verið ómetanlegur stuðningur í framandi landi. Mér veitti hann einnig mikilvæga hjálp við

vinnslu verkefnis míns og í því samhengi varð efnisskráin Norðurljós og sunnanvindur til og fyrst flutt í Vínarborg veturinn 2005. Efnisskráin er samansett af sönglögum Franz Mixa og Viktor Urbancic, tveimur nýjum lagaflokkum eftir Helmut Neumann og Pál P. Pálsson, rammað inn og tengt saman af íslenskum þjóðlögum og íslenskum sönglögum nokkurra úrvals íslenskra tónskálda. Frá upphafi var hugmynd að flytja prógrammið á Íslandi og er það mér sem íslenskri söngkonu, menntuð og búsett í Austurríki, mikil ánægja að gera það með hjálp austurríska píanóleikarans Júliu Tinhof!” -RFB

### Um flytjendur / About the Performers:

**Rannveig Friða Bragadóttir** messósópran hlaut sína fyrstu söngkennslu hjá Má Magnússyni í Söngskólanum í Reykjavík. Að loknu stúdentssprófi hélt hún til náms við Tónlistarháskólann í Vínarborg og stundað nám þar m.a. hjá Helenu Karusso og Kurt Equiluz. Rannveig lauk lokaprófi í einsöng með láði og verðlaunum austurríska menntamálaráðuneytisins fyrir afburða námsárangur. Rannveig var fyrst ráðin við Ríkisóperunnar í Vín frá 1987 - 1991. Hún hefur síðar á ferli sínum árum starfað við fjölda óperuhúsa sem fastráðin - eða gestasöngvari, s.s. Óperun í Frankfurt, Konunglega Óperuhúsið í Brüssel, Leikhúsin í Wiesbaden, Basel, Mannheim, Klagenfurt og Graz. Hún hefur verið gestur á ýmsum tónlistarhátíðum í Evrópu m.a. listahátíðinni frægu í Salzburg, einnig hefur hún haldið einsöngstónleika víða um lönd og komið fram í útvarpi og sjónvarpi. Á Íslandi hefur starfsvið Rannveigar verið umfangsmikið - hún er að jöfnu kunn sem óperu- óratoríu- og ljóðasöngkona. Hún hefur starfað með helstu tónlistarstofnunum landsins og mörgum okkar þekktustu tónlistarmanna. Árið 2004 frumflutti hún á Íslandi söngflokkinn “Die Weise vom Liebe und Tod des Cornets Christoph Rilke” eftir Frank Martin ásamt Kammersveit Reykjavíkur undir stjórn Gerrit Schuil. Meðal verkefna Rannveigar árið 2008 er flutningur á Rückert Lögum Mahlers með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Rumon Gamba og Messosópran hlutverk í Requiem eftir Verdi ásamt Vox Humana. Hún hefur sungið inn á fjölda geisladiska, m.a. La Traviata – Naxos 1991; Die Frau Ohne Schatten - Decca 1992; Salome – Decca 1995; “Kristallar” ásamt Kammersveit Reykjavíkur 1992 og “Ljáðu mér vængi” ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands 1996. Sólódiskar hennar, “Schubert Sönglög” og “Sönglög eftir Schubert, Schumann, Wolf og Grieg” sem hún hljóðritaði með Gerrit Schuil, voru tilnefndir til íslenskra tónlistarverðlauna 1998 og 2002. Árið 2000 sæmdi Forseti Íslands Rannveigu Friðu riddarakrossi hinnar Íslensku Fálkaorðu. Síðan í otóber 2008 fetar Rannveig í fótspor Svanhvítar Egilsdóttur og gegnir stöðu við einsöngvaradeild Tónlistarháskólans í Vínarborg. [www.rannveigbraga.com](http://www.rannveigbraga.com)

*Rannveig Braga started her studies at the Reykjavik College of Singing. She continued at the Academy for Music in Vienna and graduated with a special distinction of the Austrian ministry of education and arts. In Vienna she was trained by prof. Helene Karusso and prof. Kmsg. Kurt Equiluz. Her first engagement was at the Vienna State Opera where she was engaged as a permanent singer from 1987 – 1991. Since then she has participated in performances in several other opera houses f. e. the Opera Frankfurt, Theatre Royal de la Monnaie, the theaters in Wiesbaden, Mannheim, Basel, Klagenfurt and Graz, as well as taking part in the Easter – and summer festivals in Salzburg and made several radio and television recordings. In Iceland Rannveig has taken part at opera performances at the National Theatre as well as at the Icelandic Opera. She has often sung with the Icelandic Symphony orchestra and given many song recitals. In Mars 2004 she performed with The Reykjavik Chamber orchestra under the direction of Gerrit Schuil the Song cycle “Die Weise vom Liebe und Tod des Cornett Christoph Rilke” from Frank Martin and Rainer Maria Rilke, which was an Icelandic premiere. 2008 she performed the Rückert songs from Mahler with the Icelandic symphonic orchestra and Rumon Gamba and sang the mezzo-soprano part in Requiem by Verdi with Vox Academica. She has participated in many recordings: La Traviata – Naxos 1991; Die Frau Ohne Schatten - Decca 1992; Salome – Decca 1995; “Kristallar” with The Reykjavik Chamberorchestra 1992 and “Ljáðu mér vængi” with the Icelandic Symphony Orchestra 1996. Her Solo CD – Schubert Songs and Songs from Schubert, Schumann, Wolf and Grieg - where nominated for the Icelandic Music Award 1998 and 2002. In 2000 the President of Iceland awarded Rannveig Braga with the Knight’s Cross of the Falcon. Since October 2008 Rannveig is a professor for Singing at the University of Music in Vienna. [www.rannveigbraga.com](http://www.rannveigbraga.com)*

**Julia Tinhof** er fædd og uppalin í Vínarborg. Hún stundaði nám við píanókennaradeild tónlistarháskólans í Vín og að því loknu, hélt hún til frekara náms í einleik hjá hinum þekktu Lazar

Bergmann við Franz Liszt tónlistarháskólan í Weimar. Á námsferlinum tók hún einnig þátt í meistaranámskeiðum hjá mörgum heimsþekktum kennurum, s.s. Leonard Hokanson og Kurt Widmer. Starfsvettvangur Julíu Tinhof er mjög fjölbreyttur og spannar bæði einleik og undirleik með söngvurum og hljóðfæraleikurum, kammarmúsík, sem og stjórnun tónlistarflutnings í leikritum, m.a. við leikhúsin Volkstheater í Vín, Spielraum og Bisamberger Schlossfestspiele. Hún starfar sem undirleikari með Sólrúnu Bragadóttur á meistaranámskeiðum á eyjunni Mön í Danmörk og kemur reglulega fram með Rannveigu Friðu Bragadóttur á tónleikum í Austurríki. Hún hefur gert margar hljóðritanir þ.á m. geisladiskinn Exils með sópransöngkonunni Judith Kopecky (Daphne Music 2006) en þar er að finna lög tónskálda sem flúðu Austurríki undir stjórn nasista. Júlia Tinhof starfar einnig reglulega með tenórnum Heinrich Schopf hjá Vienna Opera company (Listrænn stjórnandi Prof. Dr. Theodore Coresi) og kennir við barnakórskólan Nano í Vín (Listrænn stjórnandi og stofnandi Sibyl Urbancic) Síðan 2005 hefur hún starfað sem undirleikari við tónlistarháskólan í Vínarborg (Universtität für Musik und darstellende Kunst in Wien).

*Julia Tinhof was born in Vienna: "Liedbegleiterin" and piano accompanist at the Music University in Vienna. She has studied with Maestro Lazar Berman at the "Franz Liszt Hochschule" in Weimar and has trained in master classes for "Liedgesang" with Leonard Hokanson. Musical director of several theater productions at the "Volkstheater Wien", Theater "Spielraum" and "Bisamberger Schlossfestspiele". She also acted as a pianist in Paulus Mankers "Alma" in Purkersdorf near Vienna. She is working together with the Soprano Sola Braga in the master-classes for singing at the Island Mön in Denmark. She is regularly giving concerts in contemporary music together with the Mezzosoprano Rannveig Braga. She is the personal coach of the tenor Heinrich Schopf at the Vienna Opera company under the lead of Prof. Theodore Coresi. Her personal interest is the exploration of the work of exiled composers; at last CD Production "EXILES" with the Soprano Judith Kopecky.*

**Sunnudagur 8.febrúar**  
Sunday

20.00 @ Listasafn Íslands / National Gallery of Iceland

**Fyrir 1968 / Fyrir 1989**  
*Before 1968 / Before 1989*

**Kammersveit Reykjavíkur /**  
**Reykjavík Chamber Orchestra**

**Stjórnandi / Conductor:** Bernharður Wilkinson

**Einleikarar / Soloists:**

Áshildur Haraldsdóttir, flauta  
Rúnar Óskarsson, klarinett  
Matthías Birgir Nardeau, enskt horn  
Hrafnkell Orri Egilsson, selló  
Ingibjörg Guðjónsdóttir, sópran

**Efnisskrá / Program:**

**Jónas Tómasson:** *Diaphane* fyrir flautu og kammerhóp (2008), frumflutningur  
**Atli Ingólfsson:** *Is Anybody There* f. klarinett og 15 strengi (2003), frumflutningur á Íslandi  
**Pavel Zemek:** *Hommage to Lord Jesus* f. enskt horn og kammerhóp (1995)  
**Ondrej Stochl:** *The Way to the Common Language* f. strengi og sellóeinleik (2000)  
**Peter Graham:** *Der Erste*- Kammerkantata við texta Franz Kafka, f. sópran og kammerhóp (1993)

**Um dagskrána**

Tékknesku tónskáldin, sem eiga verk á tónleikum Kammersveitarinnar á Myrkum músikdögum, eru fæddir eftir miðja 20. öld. Þeir kynntust vorinu í Prag og innrás Rússa í land sitt í ágúst 1968, sem batt enda á það. Þeir lifðu, lærðu og störfuðu undir rússnesku yfirvaldi allt til flauelsbyltingarinnar 1989, þegar járntrjaldið féll og Tékkóslóvakía varð aftur frjálst land. Tónskáldin hafa öll hlotið verðlaun fyrir verk sín, O. Stochl hlaut verðlaun Gideon Klein-sjóðsins fyrir sitt verk á þessum tónleikum, P. Graham verðlaun fyrir *Der Erste* í keppni *Musica iudaica* hátíðarinnar um verk við ljóð Kafka og P. Zemek hlaut Janacek-verðlaunin fyrir Jóhannesarpassiú sína. (Af heimasíðu Kammersveitarinnar, [www.kammersveit.is](http://www.kammersveit.is))

## Mánudagur 9.febrúar Monday

12.15 @ Norræna húsið / Nordic House

### Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó Snorri Sigfús Birgisson, píanó

#### Efnisskrá / Program:

**Snorri Sigfús Birgisson:** *Fjögur lög úr Norður-Múlasýslu* (fjórhent / frumfl.)

**Puríður Jónsdóttir:** *Hermétique* (AGG-sólo / frumfl. á Íslandi)

**Haukur Tómasson:** *Glacial Pace* (SSB-sóló)

**Frescobaldi / Kurtág:** *Corrente III* (fjórhent).

**Frescobaldi / Kurtág:** *Corrente IV* (fjórhent).

**Purcell / Kurtág:** *Fantasia upon One Note* (fjórhent).

**Bach / Kurtág:** *Gottes Zeit ist die aller beste Zeit* (fjórhent).

**Fjögur lög úr Norður-Múlasýslu (2008)** eru tileinkuð Önnu Guðnýju sem á ættir að rekja í Borgarfjörð eystri. Lögin er að finna í “Munnlegu geymdinni” (<http://ismus.musik.is>).  
S.S.B.

*Four songs from Norður-Múlasýsla (2008) are dedicated to Anna Guðný. The songs are preserved in the so-called 'oral history' (<http://ismus.musik.is>)*

**Puríður Jónsdóttir** lærði tónsmíðar hjá Snorra S. Birgissyni og Guðmundi Hafsteinssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík og stundaði síðan framhaldsnám við Konservatórið í Bologna á Ítalíu. Hún hefur samið fjölda verka sem leikin hafa verið víða um heim og var tilnefnd til Tónskáldaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2006.

*Thuríður Jónsdóttir studied composition with Snorri S. Birgisson and Guðmundur Hafsteinsson at the Reykjavik Music College, and post graduate studies at the Bologna Conservatory in Italy. She has written a number of pieces which have been performed around the world. Thuríður was nominated for the Nordic Council Music Prize in 2006.*

**Hermétique** var pantað af Franska ríkisútvarpinu fyrir Présences hátíðina árið 2004. Verkið var eitt af sjö örverkum fyrir píanó sem samin voru af jafn mörgum tónskáldum og leikin sem ein heild undir yfirskriftinni Les 7 défauts capitaux eða höfuðsyndirnar sjö. Það var Dimitri Vassilakis sem frumflutti verkið. Hermetique var fyrsti kafli verksins og fyrsta dauðasyndin. Hinar sex voru: Antipathique, Rétrograde, Sériel, Ethylique, Trajectoires incandescentes og Tétradactyle.  
Þ.J.

*Hermétique was commissioned by the French National Radio for the Présences festival in 2004. The piece is one of seven micro-pieces for piano, written by equal number of composers and performed as one complete composition with the caption Les 7 défauts or the Seven Deadly Sins. It was premiered by pianist Dimitri Vassilakis. Hermétique was the first chapter of the piece and therefore the first Deadly Sin. The other six were: Antipathique, Rétrograde, Sériel, Ethylique, Trajectoires incandescentes and Tétradactyle.*

Glacial Pace var pantað af Snorra Sigfúsi Birgissyni með stuðningi Musica Nova. Snorri frumflutti það í Norræna húsinu í nóvember síðastliðnum. Verkið er allt fremur hægferðugt og róast bara enn meir í lokin ef eitthvað er.  
H.T.

*Glacial Pace* was commissioned by Snorri Sigfús Birgisson with support of Musica Nova. It was premiered by Birgisson in the Nordic House last November. The piece is altogether lingering and only gets slower towards the end.

**György Kurtág** (f. 1926) er ungverskt tónskáld. Kona hans, Márta, er píanóleikari og þau hjónin leika oft saman 4-hent á píanó m.a. útsetningar eftir György.

*György Kurtág* (born 1926) is a hungarian composer. His wife, Márta, is a pianist and they often perform together 4-hand piano, including arrangements by György.

#### **Um flytjendur / About the Performers:**

**Anna Guðný Guðmundsdóttir** er fædd í Reykjavík. Hún brautskráðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1979 og stundaði Post Graduate-nám við Guildhall School of Music and Drama í London með sérstaka áherslu á kammertónlist og meðleik með söng. Hún hefur starfað á Íslandi í 25 ár við margvísleg störf píanistans, aðallega í samleik ýmiss konar en einnig í einleikshlutverki. Hún var ráðin til Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2005. Hún er tilnefnd til Íslensku tónlistar-verðlaunanna 2009 sem flytjandi ársins fyrir flutning sinn á verki Olivier Messiaen: "Tuttugu tillit til Jesúbarnsins" haustið 2008.

*Anna Gudny Gudmundsdottir completed her soloist's examination at Reykjavik College of Music in 1979. She continued her studies in London at the Guildhall School of Music, where she received her Post Graduate diploma with a focus on chamber music and lieder accompaniment. Anna Gudny has appeared as a soloist and accompanist on numerous occasions over the last 25 years. Her performances can be heard on numerous CDs. She received a nomination for "Performer of the year" in 2004 at the Icelandic Music Prize, and again in 2009 for her performance of Olivier Messiaen's "Twenty gazes on the infant Jesus". Anna Gudny Gudmundsdottir taught at the Iceland Academy of the Arts' music department from its foundation in 2001 until 2005 when she was appointed pianist of the Iceland Symphony Orchestra.*

**Snorri Sigfús Birgisson** er fæddur 1954. Hann stundaði píanónám fyrst hjá Gunnari Sigurgeirssyni en innritaðist síðan í Tónlistarskólann í Reykjavík. Þar lærði hann á píanó hjá Hermínu S. Kristjánsson, Jóni Nordal og Árna Kristjánssyni en lagði einnig stund á tónsmíðar hjá Þorkeli Sigurbjörnssyni. Hann lauk einleikarprófi 1974.

1974-1975 stundaði hann framhaldsnám í píanóleik hjá Barry Snyder við Eastman School of Music í Bandaríkjunum, 1975-76 tónsmíðanám í Osló hjá Finn Mortensen og 1976-1978 lærði hann tónsmíðar hjá Ton de Leeuw í Amsterdam. Snorri hefur starfað í Reykjavík sem tónskáld, píanóleikari, tónlistarkennari og stjórnandi síðan hann kom heim frá námi (1980). Hann er félagi í Caput-hópnum.

*The composer and pianist Snorri Sigfús Birgisson commenced his musical studies with Gunnar Sigurgeirsson after which he went on to study at the Reykjavik College of Music where his teachers were Hermína Kristjánsson, Jón Nordal, Árni Kristjánsson (piano), and Þorkell Sigurbjörnsson (composition). He studied piano with Barry Snyder at the Eastman School of Music, U.S.A. (1974-1975) and composition with Finn Mortensen in Norway where he also studied electronic music with Lasse Thoresen and sonology with Thoresen and Olav Anton Thommessen (1975-76). Snorri moved to Amsterdam in 1976 where he studied composition for two years with Ton de Leeuw. Since 1980 he has been living in Reykjavik, where he is active as a musician and music teacher. He has composed solo works, chamber works, symphonic pieces and choral music. He is a member of Caput the Icelandic ensemble for new music.*

## Mánudagur 9.febrúar Monday

20.00 @ Salurinn, Kópavogi

50 / 50

### Ragnildur Gísladóttir Hilmar Örn Hilmarsson

*Flutt verða nýjar og eldri tónsmíðar eftir Hilmar og Ragnildi.*

#### RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR

##### EFNISSKRÁ / PROGRAM:

F-Iss og Gullfoss (2009)

Hávaðinn í sólinni (2008) texti e. Kristínu Ómarsdóttur / *Lyrics by Kristín Ómarsdóttir*

Túnfífill (2006)

##### Flytjendur / Performers:

Pétur Grétarsson, slagverk / percussion

Borgar Magnason, kontrabassi / contrabass

Ásgerður Júníusdóttir, söngur / vocals

Kjartan Óskarsson, klarinett / clarinet

Ívar Ragnarsson, hljóðleikur / sound production

R.Gísladóttir, hljóðmyndir / soundscapes

#### HILMAR ÖRN HILMARSSON

##### EFNISSKRÁ / PROGRAM:

Tilkynnt síðar / *Coming soon*

**Ragnildur Gísladóttir** lauk prófi í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands vorið 2008. Hún hefur starfað sem tónlistarmaður um árabíl og stofnaði fyrstu íslensku kvennarokkhljómsveitina, Grýlurnar, árið 1981, lék í hljómsveitinni Studmönnum frá árinu 1984-2005 og er höfundur efnis á fjölda hljómdiska beggja hljómsveita. Meðal tónsmíða á öðrum hljómdiskum sem hún hefur átt þátt í og samið má nefna, Rombigy (1991), Ragga & the Jack Magic Orchestra (1997), Human Body Orchestra (1998), Baby (2000) og Bergmál (2005). Auk þess hefur Ragnildur samið tónlist við kvikmyndina Veðramót (2007) eftir Guðnýju Halldórsdóttur og stuttmyndina Naglinn (2008) eftir Benedikt Erlingsson. Á árunum 2001-2006 vann Ragnildur með japanska sanukite stein-slagverksleikaranum Stomu Yamash'ta við upptökur og flutning á tónlist þeirra beggja í Japan. Stomu Yamash'ta lék með Ragnildi á Bergmálsdisknum og var það verk flutt á Listahátíð 2005 í Reykjavík og á heimssýningunni Expo 2005 í Japan. Árið 2008 samdi Ragnildur tónlist við leikritið Sumarljós eftir Jón Kalman.

*Ragnildur Gísladóttir graduated in composition from the Iceland Academy of the Arts in the spring of 2008. She has been a professional musician for some time; she founded the first Icelandic female rockgroup, Grýlurnar, in the year 1981, performed with the group Studmenn in the period 1984-2005 and wrote music on a number of CDs with both groups. Among other CDs that have been published with material written and composed by Ragnildur Gísladóttir are Rombigy (1991), Ragga & the Jack Magic Orchestra (1997), Human Body Orchestra (1998), Baby (2000) and Bergmál (2005). Ragnildur Gísladóttir has also composed music for the film Veðramót (2007) by Guðný Halldórsdóttir and the short film Naglinn (2008) by Benedikt Erlingsson. In the years 2001-2006 Ragnildur Gísladóttir collaborated with the Japanese sanukite stone-percussionist, Stomu Yamash'ta in Japan where they recorded and performed their music. Stomu Yamash'ta performed with Ragnildur Gísladóttir on her Bergmál CD which they also performed at the Reykjavík Art Festival in 2005 and at the World's Fair Expo 2005 in Japan. In the year 2008, Ragnildur composed music for the play Sumarljós by Jón Kalman.*

Hávaðinn í sólinni (2008) (*Noise in the sun*)  
Kristín Ómarsdóttir

Hvern morgun toga tröllin  
sólina upp með iskrandi vír  
því gala hanarnir  
lestarnar þjóta af stað  
allur erillinn felur  
hávaðann í sólinni

Þegar ég fæddist einn daginn  
var ég lítið undir það búin  
gleymdi mér í látunum  
gleymdi líka hlustinni  
óskilamunur  
sem ekki fæst sóttur  
hlustunartæki mitt geymist  
í maga mömmu fylgist með  
hjarta hennar slá  
sendir mér viðvörðun -titring við naflann  
ef eitthvað hendir  
eyrun fela sig í naflanum mínum  
betur en öll tæki heimsins  
þekki ég hjartslátt mömmu

Það fellur að er þreytt tröllin  
missa takið og sólin dettur  
í sjóinn sem felur hana  
niðri í djúpunum  
á morgun toga þau  
sólina aftur upp  
saltið í sjónum eru tár sólarinnar  
þegar hún syngur á nóttunni  
með munninn fullan af sjó

**Þriðjudagur 10.febrúar**  
Tuesday

12.15 @ Hafnarborg, Hafnarfirði

**Emil Friðfinnsson, horn**  
**Þórarinn Stefánsson, píanó**

**Efnisskrá / Program:**

**Leifur Þórarinnsson:** *Jólamars*

**Leifur Þórarinnsson:** *Afmælikveðja*

**Leifur Þórarinnsson:** *Jólaglenna*

**Jónas Tómasson:** *Sónata XVIII* fyrir horn

**Herbert H. Ágústsson:** *Andante*

**Óliver Kentish:** *Three Sketches*

**Tryggvi M. Baldvinsson:** *Fantasiestück für Horn und Klavier*

**Emil Friðfinnsson** stundaði nám við Tónlistarskólann á Akureyri og síðan við Tónlistarskólann í Reykjavík þaðan sem hann lauk einleikarprófi undir handleiðslu Joseph Ognibene. Framhaldsnám stundaði Emil við Folkwang -Hochschule Essen hjá prófessor Hermann Baumann og lauk prófi þaðan 1991.

Eftir að hafa starfað hjá ýmsum hljómsveitum í Þýskalandi í nokkur ár sneri Emil heim og hefur frá 1994 verið hornleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands, undanfarin ár sem uppfærslumaður. Auk þess hefur Emil leikið með Kammersveit Reykjavíkur, Caput-hópnum frá upphafi, Kvintett Corretto, Diddú og drengjunum og fleiri hópum.

**Þórarinn Stefánsson** hóf ungur píanónám við Tónlistarskólann á Akureyri en lauk kennara- og einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1987 undir handleiðslu Halldórs Haraldssonar. Þórarinn stundaði framhaldsnám í Hannover í Þýskalandi hjá prof. Eriku Haase. Hann hefur auk þess sótt einkatíma og námskeið hjá Einari Steen-Nøkleberg, Colette Zérah, Edith Picht-Axenfeld og Vlado Perlemuter. Að námi loknu bjó og starfaði Þórarinn um nokkurra ára skeið í Þýskalandi og Danmörku. Hann hefur komið fram á fjölda tónleika víða um Evrópu sem einleikari og meðleikari með söngvurum og hljóðfæraleikrum.

Þórarinn hefur auk þess skipulagt fjölda tónleika m.a. í Þýskalandi, Danmörku, Grænlandi og Færeyjum. Hann er nú listrænn stjórnandi tónlistardagskrár Tónlistarhússins Laugarborgar í Eyjafjarðarsveit.

Þórarinn hefur gert upptökur fyrir sjónvarp og útvarp m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Árið 2007 hlaut Þórarinn starfslaun listamanna.

## **Þriðjudagur 10.febrúar** Tuesday

20.00 @ Langholtskirkja

### **Jón Leifs Camerata**

**Stjórnandi / Conductor:** Hákon Leifsson

**Einleikari / Soloist:** Hjörleifur Valsson, fiðla

**Einsöngvari / Vocalist:** Sigrún Hjálmtýsdóttir, sópran

#### **Efnisskrá / Program**

**Ríkarður Örn Pálsson:** *Dansar og stemmur* (frumflutningur/premiere)

**Egill Ólafsson:** *Hr. Z (fig 40)* (frumflutningur)

*Hlé / Intermission*

**Gunnar Þórðarson:** *La prière* (frumflutningur á Íslandi/Iceland premiere)

#### **Um efnisskrána / About the program:**

Fiðlukonsert Ríkarðs Arnar er saminn fyrir Hjörleif og ber nafnið *Dansar og stemmur*. Að sögn Ríkarðs “fellur þessi tónlist ágætlega að þeirri þörf fyrir millimúsik sem Ríkarður telur æ nauðsynlegri tengingu milli akademískrar framúrstefnu og markaðspoppis – aðalþólanna í íslensku tónlistarlífi”.

Strengjatríó Egils heitir *Herra Z* og er í þremur köflum fyrir fiðlu, víólu og selló. Það er tileinkað Paul Klee og mynd sem hann málaði sem ber nafnið *Herra Z* en þar er umfjöllunar efnið maður með Zetu skrifaða á enni hans. Paul Klee, sem var fiðluleikari vellti fyrir sér hvort tónsmíðar Schönbergs hafi markað endalok fagurlistanna. Agli var þessi hugsun hugleikin við smíðar á verkinu.

Tónleikunum lýkur síðan á verkinu *La prière* eftir Gunnar Þórðarson. Titill verksins er *Bæn* á íslensku og er samið við frumsamið ljóð eftir Albert Strickler. Tilurð verksins var vegna samvinnuverkefnisins *Mosaik trilógía* en það var þverfaglegt samstarfsverkefni íslenskra og franskra listamanna sem fór fram í Alsace í Frakklandi. Listamennirnir fjórir sem boðið var til verkefnisins komu annars vegar frá Frakklandi, Gerard Brand, höggmyndasmiður, og Albert Strickler, ljóðskáld, og hins vegar frá Íslandi, Gunnar Þórðarson, tónskáld, og Sigrún Hjálmtýsdóttir, sópransöngkona. Þema verkefnisins er ‘*Bænin*’ í viðum skilningi. Myndlistalistamaðurinn, Gerard Brand, þekktur sem mósáik-listamaður í Evrópu m.a. fyrir að hafa þróað nýja tegund mósáik-listar, ‘þrívíddar mósáikhöggmyndir’ Hann gerði átta skúlptúra af þessu tilefni og valdi hann þemað, ‘*Bænina*’ til að vinna út frá. Ljóðskáldið Albert Strickler vann í nánú samstarfi við hina listamennina átta ljóð innblásin af þemanu og jafn mörgum skúlptúrum Gerard Brands. Ljóð Alberts Strickler eru ekki eingöngu nátengd myndlistinni sem hann leggur út af heldur eru þau einnig inntakið fyrir tónlist Gunnars Þórðarsonar. Verkið var frumflutt á sýningu mósáikmyndanna í fornri kirju í Rosheim í Frakklandi síðastliðið sumar en það var Sigrún sem söng einsönginn.

#### **Um flytjendur / About the performers:**

**Dr. Hákon Leifsson** lagði ungur stund á hornleik við Konunglega konservatoriíð í Kaupmannahöfn og lauk kennaraprófi á hljóðfærið 1986 frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Þá stundaði hann tónsmíðanáms hjá Hallgrími Helgasyni, Atla Heimi Sveinssyni og við Tónlistarháskólann í Vínarborg. Hákon lauk Masters of Music-prófi í hljómsveitarstjórn frá New England Conservatory í Boston árið 1990 og hefur starfað talsvert sem hljómsveitarstjóri, m.a. með Íslensku hljómsveitinni, CAPUT, Jón Leifs Camerata, Blásarakvintett Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann hefur komið fram á áskriftartónleikum, út á geisladisk, tekið upp fyrir útvarp og fram á skólatónleikum með S.Í., nú síðast í

febrúar síðastliðnum á skólatónleikum einu sinni sem oftast. Hákon stjórnaði Háskólakórnum í rúman áratug (1993-2007 með hléum) og stofnaði upp úr honum kammerkórinn Vox Academica árið 1996. Hákon lauk doktorsprófi í kórstjórn frá University of Washington, Seattle í ágúst 2004 undir handleiðslu prof. Abraham Kaplan og prof. Peter Erös. Hákon er einnig menntaður leikari og hefur unnið talsvert í leikhúsi, bæði sem leikari og tónskáld. Hákon kennir kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og mun kenna nemendum Listaháskólans frá og með haustinu 2008 er starfsemi Tónskóla Þjóðkirkjunnar færir að hluta til þangað. Á undanförunum árum hefur Hákon flutt mikinn fjölda megin verka kórbókmenntanna fyrir kór og hljómsveit, ber þar helst að geta Brynjólfsmessu e. Gunnar Þórðarson sem var samin að hans frumkvæði, Requiem e. G. Faure, Messías e. G.F. Handel, Requiem e. W.A.Mozart, Deutsches Requiem eftir J. Brahms og að síðustu Requiem e. G. Verdi 5.apríl sl. í Hallgrímskirkju. Hann starfaði sem organisti í Hafnarkirkju, Hornarfirði 1990- 1991. Þorláksskirkju 1991-1992 og síðan sem organisti Seltjarnarneskirkju 1992-1994. Hákon var organisti við Keflavíkurkirkju frá 2001 -2008, en er nú organisti og tónlistarstjóri við Grafarvogskirkju.

**Hjörleifur Valsson** (1970) lauk einleikarprófi frá tónlistarháskólanum í Ósló árið 1993, þar sem aðalkennari hans var Eivind Aadland, en hlaut þá styrk frá tékkneska ríkinu til náms við Prag konservatoríið. Þar nam hann fiðluleik og kammertónlist í þrjú ár, auk þess að leika með ýmsum kammerhópum og hljómsveitum þar í borg. Hjörleifur lauk Dipl. Mus. gráðu frá Folkwang Hochschule í Essen sumarið 2000. Á námsárum sínum í mið-evrópu sótti hann námskeið hjá Grigorij Zhislin, Truls Mörk, Pierre Amoyal, Sergej Stadler, Pavel Gililov o.fl. Hann hefur komið fram á fjölda tónleika víða um Evrópu, starfað með tónlistarmönnum á borð við Mstislav Rostropovitsj, Shlomo Mintz, Gilles Apap o.fl., samið, útsett og leikið tónlist fyrir leikhús og margoft tekið þátt í upptökum fyrir útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og hljómplötuútgáfur. Hjörleifur er mjög virkur í íslensku tónlistarlífi og kemur víða við sem fiðluleikari auk þess að kenna fiðluleik við tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Hann leikur á fiðlu smíðaða af Antonio Stradivari frá árinu 1732.

**Sigrún Hjálmtýsdóttir** hóf feril sinn á sviði dægurtónlistar. Síðar hóf hún sígilt söngnám við Guildhall School of Music and Drama í London og stundaði framhaldsnám á Ítalíu. Hún hefur tekið þátt í margvíslegum uppfærslum og sýningum jafnt á sviði sem og í kvikmyndum, sem ber fjölbreyttum hæfileikum hennar vitni. Frumraun sína á óperusviði þreytti hún í hlutverki dúkkunar, Olympiu, í Ævintýrum Hoffmanns í Þjóðleikhúsinu, en sú sýning var samstarfsverkefni Íslensku óperunnar og Þjóðleikhússins. Önnur verkefni hennar hjá Íslensku óperunni eru hlutverk Súsönnu í Brúðkaupi Fígarós, Gildu í Rigoletto, Papagenu og Næturdrottningarinnar í Töfraflautunni, Lúsíu í Lucia di Lammermoor, Violettu í La Traviata, Adínu í Ástardrykknum og Rósalindu í Leðurblökunni. Hún söng þrjú hlutverk í uppfærslu á Niflungahring Wagners sem var samvinnuverkefni Íslensku óperunnar, Þjóðleikhússins og Listahátíðar. Hún hefur marg oft komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands sem og erlendum hljómsveitum. Hún hefur hljóðritað fjóra geisladiska við undirleik Sinfóníunnar en alls hefur hún sungið inn á 50 hljómplötur. Árið 2001 söng hún ásamt José Carreras á eftirminnilegum tónleikum í Laugardagshöll og 2005 hlotnaðist henni sá heiður að stíga á stökk með Plácido Domingo á tónleikum hans í Egilshöll. Verkefni framundan eru ærin, m.a mun hún á næsta ári syngja í Prag, Moskvu, Strassbourg, Róm og St. Pétursborg.

#### **Um tónskáldin og verkin / About the composers and their pieces:**

**Ríkarður Örn Pálsson** (f. 1946) ólst upp í Kaupmannahöfn, en fluttist til Íslands 1960 og varð stúdent úr máladeild MR 1967. Hann hefur komið allvíða við í tónlist, þó að formlegt tónlistarnám hæfist fyrst á hálfþrítugsaldri í Tónlistarskólanum í Reykjavík, að viðbætti námsdvöl í Indiana University 1982-83.

Á síðustu áratugum 20. aldar fekkst hann m.a. við dagskrárgerð fyrir RÚV, útsetningar og sjónvarps- og leikhústónlist, en hefur frá um 1994 haft tónlistargagnrýni að aðalstarfi fyrir Morgunblaðið. Á Norðurlöndum er hann kunnastur fyrir þáttöku í klassísku sjónvarpskeppninni „Kontrapunkti“ 1990-98.

Fiðlukonsertinn **Dansar og stemmur** varð til þegar fiðluleikarann Hjörleif Valsson vantaði útsetningar á disk s.l. júní. Þeirri bón sneri Ríkarður óðara upp í frumsaminn fiðlukonsert á þjóðlegum nótum, heima sem heiman, enda hafa þjóðlög og þjóðlagastíll löngum verið meðal áhugamála hans á breiðu tónsviði. Var því vel tekið.

Frá félagslegu sjónarhorni féll sú nálgun jafnframt ágætlega að þeirri þörf fyrir „millimúsik“ er Ríkarður telur æ nauðsynlegri tenging milli akademískrar framúrstefnu og markaðspopps – aðalþólanna í íslensku tónlistarlífi. Á hérlandum dvergmárkaði hefur sú tenging hins vegar átt örðugt

uppdráttar, og fjarvera hennar aukið andstæða öfga tónlistarlandslagsins langt umfram það sem eðlilegt væri.

Konsertinn er fjórþættur og hefst á stuttu Pastorale, búlgarskri hjarðsælu í tatarasamleik einleiksfíðlu og balkneskrar smalapípu í gervi klarínetsins. Við tekur Klezmeriana, glettin brúðkaupsmúsík gyðinga (stefin þrjú ugglaust að mestu stolin), rofin innskotum frá ímyndaðri búlgarskri fótmennt að svipuðu tilefni.

Þá kemur að Klakanum í Stemmum, og í tremólerandi Austfjarðaþoku strengjanna undir flaututóna-lagboða einleiksfíðlunnar rísa upp kvæðalögin Morgunsólar geislaglóð og Fann ég fyrrum þyt á þökum (úr Silfurplötum Iðunnar) – ásamt frumsömdu þjóðlagi höfundar við róðrarvísuna ófeðruðu Frá Eyrarbakka út í Vog / er það mældur vegur / átján þúsund áratog / áttatíu og fjeður (úr nýlegu kórverki, Áralögum).

Þokuhjúpaður niðurlaghlutinn boðar undirmeðvitundinni concerto grosso stef IV. þáttar, Gígju, undir dansvænum 9/8 barokkhryn - er fær þó ekki, frekar en Klezmerþátturinn, að vera í friði fyrir trylltum búlgörskum innskotum fyrr en hnigur að kunnuglegu niðurlagi í anda hárkollualdar.

**Egill Ólafsson** stundaði ungur hljóðfæranám og spilaði í lúðrasveit undir stjórn Karls Runólfssonar. Egill stundaði nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík á árunum 1970 -76. Söng með Kór Menntaskólans í Hamrahlíð. Auk þess hefur Egill tekið Master-Class hjá Jo Estill, Poul Farrington, Oren Brown, Thorsten Föllinger og Per Raben, Jukka Linkola, Pierre Dörge í bæði söng og tónsmíðum.

Egill er þekktur fyrir störf sín í leikhúsum og kvikmyndum og eins á sviði Dægur, -jass- og tangó-tónlistar, eins hefur hann sungið sígilda tónlist opinberlega. Í leikhúsunum hefur Egill samið m.a. tónlist fyrir 25 leikhúsuppfærslur og þar af skrifað tónlist fyrir þrjú söngleiki, Gretti, Evu Lunu og Come Dance With Me, sem sett var upp í Cernucini-leikhúsinu í New York.

Egill hefur og sungið aðalhlutverk í m.a. söngleikjunum; Gæjum og píum, Vesalingunum, Evitu, Carmen Negra, Kysstu mig Kata og Tuskildingsóperunni.

Egill starfaði með Spilverki þjóðanna á árunum 75-78, Þursafloknum 78-82, Tríói Björns Thoroddsen 92- 2006 , Tamlasveitinni 93-96, Le Grand Tango 2003 – 2004, Stuðmönnum frá 75-2008 og Icelandic Sound Company 2006 - 2008.

### **Hr. Z (fig 40) / Þrjár hljómkviður fyrir fiðlu, víólu og selló.**

Nafnið er sótt til eins af síðustu myndverkum Paul Klee\* (svissneskur málari 1879-1940). Paul Klee stundaði fiðluleik framan af, en valdi myndlistina, þar sem hann áleit að kenningar Hegels (f. 1770-1831); um endalok fagur-lista, samkvæmt þríhyrndri framvindu alls, - væri endanlega opinberuð með tónlist Schönbergs (1874- 1951). Þó má segja að verk Klee og Schönbergs og Dadaistanna í ljóðlist sé um markt sammárka - þó að Paul Klee hafi aldrei vilja gangast við því að vera kallaður modernisti. Áhrif klassískrar fagurfræði og fagurfræði/affegrun, sem modernisminn skóp (að upphafi ljótleikann í fegurðinni og fegurðina í ljótleikanum) í upphafi síðustu aldar, er engu að síður allt um kring, hvað sem líður hinum svokallaða post-modernisma okkar tíma. Kenningar um fagurfræði breytast “as we speak”, mjög fáir innan listheimspekinnar hafa gefið því gaum. Flestir hafa gengið út frá að listin sé gefin stærð, af því leiðir að kenningarsmíðin um fyrirbærið list er takmarkandi. Listin eins og fagurfræðin, er nákominn heimspeki, siðfræði og tíðaranda og því sibreytileg.

Mr. Z (fig 40) er mynd af höfði, sem hefur bókstafinn Z sem andlit. Andlitið er órætt, eins og pókerspilari sem ekkert vill gefa upp, figúran er nær því að vera andlitslaus – í hvað samfélagi verður slík vera til, hver er hann þessi herra Z ?

\*Klee var leitandi í listsköpun sinni, að eigin sögn, og var drifinn áfram af dulúð sköpunar (Genesis), frumuptökum alls sem er, þar sem varðveittur er leyndur lykkill allra hluta.

**Gunnar Þórðarson** er fæddur í Hólmavík. Hann er einn af stofnendum hljómsveitanna Hljóma, sem störfuðu frá árinu 1963-1969 og hljómsveitarinnar Trúbrot sem var stofnuð árið 1969-1973. Árið 1998 var hann einn af stofnendum "Gitar Islancio". Árið 2000 var frumflutt "Heilög messa" fyrir hljómsveit kór og einsöngvara eftir Gunnar. Árið 2006 var frumflutt verkið "Brynjólfsmessa" fyrir kór, barnakór, hljómsveit og einsöngvara. Gunnar hefur samið tónlist við kvikmyndir s.s. "Agnes",

"Reykjavík Reykjavík", "Óðal feðranna".Samið tónlist við tvo söngleiki"Á köldum klaka" og "Örfá sæti laus".Gunnar hefur útsett og stjórnað upptökum á yfir 100 hljómplötum.  
Gunnar hefur samið yfir 600 lög á ferli sínum.

Tónverkið La prière er samið árið 2008 á vormánuðum við texta franska ljóðskáldsins Alberts Strickler.

## Miðvikudagur 11.febrúar

Wednesday

20.00 @ Hafnarborg

### Stelkur

#### Flytjendur / Performers:

Charles Ross – fiðla / violin, lágfíðla / viola, mandolín, rafmagnsgítar / electric guitar

Einar Bragi Bragason – þverflauta, saxofónn, harmoníum

James Neilson Graham – píanó, melodíka

Kristín Þóra Haraldsdóttir – lágfíðla / viola

Matti Saarinen – gítarar / guitars

Xavier Najera – slagverk / percussion

#### Efnisskrá / Program

**Charles Ross:** *Early Sea Painters\** (2007)

**Steve Reich:** *Piano Phase* (1967) (Matti Saarinen útsetti fyrir tvo rafmagnsgítara)

**Charles Ross:** *Fox\** (2008)

*Hlé / Intermission*

**Charles Ross:** *A Short Biography of Tortoise* (2008)

**Matti Saarinen:** *Apex\** (2008)

**Kevin Volans:** *White Man Sleeps: fifth dance* (1985)

**Charles Ross:** *The Leviaphone* (2007)

- - frumflutningur

*Charles Ross (born 1965) is a British Composer living and working in the East of Iceland. He received his musical training at the Royal Scottish Academy of Music and Drama and Dartington college of Arts (teacher Frank Denyer) where he has recently completed an M.Phil research degree on the relationship between music and non-linearity.*

*As a composer Charles has written for often quirky combinations of western and non-western instruments and sites a lack of musical direction as a major compositional impetus. He has had works performed in the Spittalfields music festival in London and has written for the "Barton Workshop" Ensemble. In Iceland he has had works performed in the "Myrkir Músik Dagar" festival most notably by his own band, "Stelkur". Charles also teaches a yearly course in World music at LHI.*

## Fimmtudagur 12.febrúar

Thursday

12.15 @ Sölvhöll, salur Listaháskóla Íslands, Sölvhólgötu

## Íslensk sönglög / Icelandic Vocal Music

í flutningi söngnema Listaháskóla Íslands  
Performed by students of The Iceland Academy of the Arts

Björg Þórsdóttir, sópran  
Elisabet Einarsdóttir, sópran  
Eyrún Ósk Ingólfssdóttir, sópran  
Inga Dóra Stefánsdóttir, messósópran  
Ingunn Gyða Hrafnkelsdóttir, sópran  
Margrét Helga Kristjánsdóttir, messósópran  
Steinunn Guðný Ágústssdóttir, messósópran  
Þorsteinn Freyr Sigurðsson, tenór

**Meðleikari á píanó / Accompanist:** Anna Rún Atladóttir

- Atli Heimir Sveinsson: Vorið góða (Ljóð: Jóhannes úr Kötlum) - Elisabet
- Jóhann G. Jóhannsson: Heimskringla (Ljóð: Þórarinn Eldjárn) - Þorsteinn Freyr  
Vont og gott (Ljóð: Þórarinn Eldjárn) - Ingunn Gyða  
Bókagleypir (Ljóð: Þórarinn Eldjárn) - Inga Dóra
- Hjálmar H. Ragnarss.: Yfirlýsing (Ljóð: Magnea Matthíasdóttir) - Margrét Helga  
Söngur Sólveigar (þýðing : Einar Benediktsson) - Elisabet  
Hjá fljótinu (Ljóð: Hannes Pétursson) - Eyrún Ósk
- Jón Ásgeirsson: Hjá lygnri móðu (Ljóð: Halldór K. Laxness) - Þorsteinn Freyr  
Litla mamma (Ljóð: Bragi Magnússon) - Steinunn Guðný
- Þorkell Sigurbjörnsson: Þrjú lög úr lagaflökknum : Níu lög úr þorpinu við ljóð Jóns úr Vör  
Fátæk kona - Margrét Helga  
Vorhugsun - Eyrún Ósk  
Gamalt ljóð (Ljóð: Matthías Johannessen) - Björg
- Tryggvi M. Baldvinsson: Fingurbjörg (Ljóð: Þórarinn Eldjárn) - Steinunn Guðný  
Krummi (Ljóð: Davíð Stefánsson) - Ingunn Gyða
- Jórunn Viðar: Gestaboð um nótt (Ljóð: Einar Bragi) - Björg  
Júnimorgunn (Ljóð: Tómas Guðmundsson) - Inga Dóra

## Fimmtudagur 12.febrúar Thursday

20.00 @ Háskólabíó v/ Hagatorg

### Sinfóníuhljómsveit Íslands *Iceland Symphony Orchestra*

**Stjórnandi:** Daniel Bjarnason

**Einleikari:** Einar Jóhannesson, klarinett

**Einleikari:** Víkingur Heiðar Ólafsson, píanó

*Vinsamlegast athugið að miða á þessa tónleika má nálgast hjá skrifstofu Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói, eða á vef sveitarinnar, [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)*

#### Efnisskrá / Program

**Daniel Bjarnason:** Píanókonsert

**Haukur Tómasson:** Dialogo

**Jón Ásgeirsson:** Klarinettukonsert

**Þorkell Sigurbjörnsson:** Ríma

#### Um hljómsveitina / About the Orchestra

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið 1950 og hefur náð ótrúlega miklum listrænum árangri á skömmum tíma. Geisladiskar hljómsveitarinnar, m.a. frá útgáfufyrirtækjunum Chandos, BIS og Naxos, hafa fengið afar góða dóma á síðustu árum og hljómsveitin stenst fyllilega samanburð við bestu hljómsveitir erlendis.

Sinfóníuhljómsveitin er skipuð 80 fastráðnum hljóðfæraleikurum og hana má stækka í allt að 100 manns í einstaka tilfalli. Hljómsveitin heldur um 60 tónleika á hverju starfsári. Árlega eru farnar tónleikaferðir um landið, venjulega tvær lengri ferðir haust og vor, auk dagsferða. Af tónleikaferðum til útlanda má nefna ferðir til Færeyja, Grænlands, Svíþjóðar, Danmerkur, Finnlands, Þýskalands, Austurríkis, Frakklands og Bandaríkjanna.

Meðal þeirra hljómsveitarstjóra sem mestan þátt hafa átt í uppeldi Sinfóníuhljómsveitar Íslands má nefna Norðmanninn Olav Kielland, Pólverjann Bohdan Wodiczko, Norðmanninn Karsten Andersen, Frakkann Jean-Pierre Jacquillat og á síðari árum þá Petri Sakari og Osmo Vänskä frá Finnlandi. Núverandi aðalstjórnandi hljómsveitarinnar er hinn ungi Breti Rumon Gamba, en heiðursstjórnandi er Vladimir Ashkenazy.

Sinfóníuhljómsveit Íslands og aðalhljómsveitarstjórinn Rumon Gamba voru á dögnum tilnefnd til Grammy-verðlaunanna fyrir fyrstu plötu sína af fjórum með verkum eftir franska tónskáldið Vincent D'Indy.

*The Iceland Symphony Orchestra is widely considered to be one of the leading Nordic orchestras. It gives approximately 60 concerts each season and is made up of 82 musicians from Iceland and abroad. Through its high performance standards and innovative programming, it continues to attract and fascinate audiences and is considered one of Iceland's leading arts institutions.*

*The ISO's season includes subscription concerts in Reykjavík and tours both in Iceland and abroad, with recent visits to the Faeroe Islands, Greenland, Finland, Sweden, Denmark, France, Germany, Austria, and North America.*

*The ISO's tour to the USA and Canada in 2000 was the most extensive one the orchestra has undertaken. The orchestra received outstanding reviews and the tour was considered a major success for the ISO.*

*The ISO has made recordings for the Naxos, Chandos, and BIS labels of varied repertoire including Sibelius, Skalkottas, and Jón Leifs. In particular, the ISO's ongoing series of the complete orchestral works of Jón Leifs have received great critical acclaim, including the Icelandic Music Awards in 2003, and the MIDEM award in 1995 for best orchestral performance.*

## **Um stjórnandann / About the conductor**

### **DANÍEL BJARNASON**

Daníel Bjarnason lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla F.Í.H.vorið 2000. Sama ár hóf hann nám í tónsmíðum og hljómsveitarstjórnun við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi í hvorutveggja vorið 2003. Daníel stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórnun á árunum 2004 – 2007 hjá Scott Sandmeier, prófessor við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn Hann hefur sótt ýmis námskeið í hljómsveitarstjórnun og tónsmíðum, m. a. hjá Christian Eggen, Brian Ferneyhough, Toshio Hosokawa og Jonathan Harvey. Daníel hefur þegar hlotið viðurkenningu fyrir tónsmíðar sínar og hafa verk hans verið flutt víða um heim. Meðal flytjenda sem Daníel hefur unnið með má nefna Garth Knox, Naoko Yoshino, Ernest Rombout, Nieuw Ensemble Amsterdam, Württembergischen Kammerorchester Heilbronn og Caput-hópinn. Hann hefur einnig unnið sem hljómsveitarstjóri við Íslensku óperuna, til dæmis við Brottnámið úr kvennabúrinu eftir Mozart haustið 2006. Daníel var einn af stofnendum kammersveitarinnar Ísafoldar árið 2002 og hefur verið listrænn stjórnandi og hljómsveitarstjóri hennar frá byrjun.

*Daniel Bjarnason graduated from the F.I.H. Music School in 2000 with a piano diploma. He went on to study composition and orchestral conducting at the Reykjavik College of Music and graduated in spring 2003. In 2007, Daniel graduated cum laude from the Freiburg University of Music where he studied orchestral conducting with professor Scott Sandmeier. Daniel's compositions have been received with acclaim and his works have been performed in many countries. He is also active as a conductor working with various orchestras and regularly conducts at the Icelandic opera, recently Mozart's *Così fan tutte*, in spring 2008. In 2003 he was one of the founders of the Isafold Chamber Orchestra and has since been its principal conductor and artistic director. - [www.danielbjarnason.com](http://www.danielbjarnason.com)*

## **Um einleikarana / About the soloists**

### **EINAR JÓHANNESSEN**

Einar Jóhannesson fæddist í Reykjavík árið 1950. Hann nam klarínettuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og The Royal College of Music í London, þar sem hann vann til Frederick Thurston verðlaunanna. Hann hóf störf hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og gegnir nú stöðu 1. klarínettuleikara. Árið 1976 vann Einar samkeppni um þáttöku í "Live Music Now" sem Sir Yehudi Menuhin stofnaði, og hlaut síðar Sonning verðlaunin fyrir unga norræna einleikara. Einars er einn þeirra sem fjallað er um í bók breska tónlistarfræðingsins Pamela Westons "Clarinet Virtuosi of Today". Hann er tíður gestur á tónlistarhátíðum víða um heim og hefur leikið fyrir útvarps og sjónvarpsstöðvar margra landa. Einar hefur frumflutt fjölda verka, sem eru sérstaklega skrifuð fyrir hann, jafnt einleikskonserta, kammerverk og verk fyrir einleiksklarínettu. Einar er stofnfélagi nokkurra kammerhópa, til dæmis Blásarakvintetts Reykjavíkur og Tríós Borealis. Hann er einnig 1. klarínettuleikari Kammersveitar Reykjavíkur og félagi í miðaldasönghópnum Voces Thules.

### **VÍKINGUR ÓLAFSSON**

*Born into a family of musicians, Icelandic pianist Vikingur Olafsson received his first piano lessons at age four from his mother and quickly took to the instrument. Vikingur entered the Reykjavik College of Music in his early teens and graduated with a Soloist Diploma in 2001. That year marked his debut with The Iceland Symphony Orchestra, with which he has since appeared annually. Vikingur has made solo appearances with all the major orchestras and ensembles of his country and made his conducting debut directing Mozart's Piano Concerto k. 503 from the keyboard at The Reykjavik Art Festival in 2006.*

*A dedicated performer of new music, Vikingur aims to commission at least one major work every season. In 2006 he gave the world premiere of Snorri Birgisson's acclaimed Piano Concerto no 2 with The Caput Ensemble at The Nordic Music Days Festival, in 2007 he premiered Ólafur Axelsson's inspired Piano Suite and for the 2008-9 he has commissioned two piano concertos from leading Icelandic composers Haukur Tómasson and Daniel Bjarnason.*

*In 2006 Vikingur was named 'Performer of the Year' at The Icelandic Music Awards, becoming the youngest recipient ever to win the prize. Other honors include The American-Scandinavian Society Cultural Grant, The Birgir Einarsson Memorial Award, The Rotary Foundation Cultural Prize, VISA Iceland Cultural Prize and The Icelandic Music Award's Brightest Prospect 2004 prize. In December 2003, Vikingur was chosen by the Mayor of Reykjavik to receive the Gunnar Thoroddsen Memorial Award for his accomplishments.*

*The 2007-8 season includes concerto performances in Iceland (Rachmaninoff's 3rd Piano Concerto), Romania and Latvia (Snorri Birgisson's Piano Concerto no. 2). On April 3rd he will give the US premiere of Birgisson's Piano Concerto with The New Juilliard Ensemble, conducted by Joel Sachs. In October, Vikingur was invited to perform at the meeting of Icelandic Prime Minister Geir Haarde and the Italian Minister for International Trade Emma Bonino in Rome. In June he will represent Iceland at the Bozar Arts in Brussel as well as giving numerous solo and chamber music performances in his home country.*

*Vikingur is currently in his sixth and last year at The Juilliard School where earned his Bachelor of Music degree as a student of Jerome Lowenthal. His chamber music teachers have included Julian Martin, Seymour Lipkin, Jacob Lateiner and Timothy Eddy. He is currently working towards his Master's degree in the class of Robert McDonald.*

## Föstudagur 13.febrúar Friday

20.00 @ Hafnarborg, Hafnarfirði

### Árni Egilsson – portrait

#### Flytjendur:

Sigurður Flosason: Saxófónar, flautur og klarinett

Kjartan Valdemarsson: Píanó

Guðmundur Pétursson: Gítar

Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson: Kontrabassi

Einar Scheving: Trommur

Sigrún Eðvaldsdóttir: Fiðla

Þórunn Ósk Marinósdóttir: Víóla

Bryndís Halla Gylfadóttir: Selló

#### Efnisskrá / Program

*Changing Times* fyrir altó og tenor saxófón, píanó og slagverk. Frumflutningur.

*Get down* fyrir flautu og altó flautu, fiðlu, violu og selló. Frumflutningur.

*Multiplicity* fyrir spinnandi tréblásara (altó sax, flauta og klarinett) og píanó, gítar, kontrabassa og trommur. Frumfl.

*Just a touch of armadillo* fyrir flautu, fiðlu, violu og selló. Frumflutningur.

*Farewell* fyrir saxófón, píanó og slagverk.

#### Um tónskáldið / About the composer:

Árni Egilsson er fæddur í Reykjavík 22. maí 1939. Hann nam við Tónlistarskólann í Reykjavík og hélt síðan til náms í Bretlandi og Hamburg í Þýskalandi (Staatliche Hochschule für Musik). Sem Kontrabassaleikari lék hann með sinfóníuhljómsveitum á Íslandi, Írlandi og Þýskalandi, en þar réði hann hinn kunnstjórnandi Sir John Barbirolli til Bandaríkjanna og spila með sinfóníuhljómsveitinni í Houston, Texas. Eftir Barbirolli lét af störfum tók André Previn við og léku hann og Árni einnig jazz víða saman og spiluðu m.a. á listahátíð í Reykjavík árið 1974.

Gegnum árin hefur Árni gert mikið af að spila einleiksverk fyrir kontrabassa. Sem einleikari hefur hann komið fram á meginlandi Evrópu og víðsvegar í Bandaríkjunum og fengið frábæra dóma gagnrýnenda. Árið 1975 frumflutti hann fyrsta íslenska konsertinn fyrir kontrabassa og sinfóníuhljómsveit, "Niður" eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Stjórnandi var Vladimir Ashkenazy og var konsertinn gefinn út á geisladisk.

Árni hefur búið í Los Angeles, California síðan 1969 og er einn eftirsóttasti "stúdíó-bassaleikari" þeirrar borgar. Sem slíkur hefur hann unnið við hljómlist við þúsunda kvikmynda, sjónvarpsþátta og hljómplatna og spilar jöfnum höndum klassíska músík, jazz og rokk. Um árabíl var Árni prófessor í kontrabassaleik við háskólann California State University Northridge og eru margir nemendur hans meðlimir í þekktum sinfóníuhljómsveitum svo sem Los Angeles Philharmonic, San Francisco Symphony, San Diego Symphony og eins Evrópskum hljómsveitum.

Á seinni árum hefur Árni snúið sér að tónsmíðum og hefur samið mikið af kammermúsík, einleiksstykki fyrir kontrabassa, hljómsveitarverk, hljómlist fyrir leikhús og ballett og kórverk.

*Árni Egilsson has earned an international reputation as a Double Bass soloist, having performed in his native Iceland and throughout Europe and the United States. He was brought to the United States by the late Sir John Barbirolli to play with the Houston Symphony Orchestra. While there, he established an enduring relationship with André Previn. A versatile instrumentalist, equally comfortable in jazz and classical venues he has recorded a classical solo album with Vladimir Ashkenazy and a jazz album with Ray Brown.*

*Egilsson is highly regarded as a leading session player in the orchestras of the Los Angeles recording studios serving as Principal Bassplayer for most of Hollywood's top composers. He has been a Professor of Double Bass at California State University, Northridge. In recent years he has become well known as a composer of works for Double Bass, Chamber Ensemble and Symphony Orchestra as well as Solo Voice and Choral works.*

## **Um verkin / About the pieces:**

### **Changing Times**

Íslendingar nær og fjær hafa verið snortnir af hinum hörmulegu atburðum undanfarinna mánaða. Flestum er það ljóst að atburðir þessir gætu haft veruleg áhrif á líf eða dauða þjóðarsálar okkar og að þörf sé á gagngerðum og jákvæðum breytingum.

Við Íslendingar erum ekki alls ókunnug erfiðleikum þótt úr þeim hafi verið komist með mismunandi háttum. Til dæmis í sögu Egils Rauða segir frá tímabili þá landnámsmenn á Grænlandi áttu við hungursneið að etja. Þeir sendu þá eftir völnni Þorbjörgu til að búa þá undir framtíðina og munu gerðir hennar hafa haft góð áhrif. Vonandi tekst ráðamönnum nútímans eins vel að leysa úr þjóðarvanda okkar í dag því völnur virðast vera af frekar skornum skammti.

Kannski er árið 2009 okkar örlagastund, en verk þetta "Changing Times" er samið í þeirri trú að framtíðin verði landi og þjóð hamingjurík.

- Árni Egilsson, Oxnard 10. Janúar, 2009

### **Get Down**

Æi, það er stundum gaman að lifa. Ég vona að verkið beri það með sér.

-ÁE

### **Multiplicity**

Sem ungur tónlistarnemandi átti ég því láni að fagna að allir kennarar mínir ( Jón Þórarinnsson, tónfræði, Sigurbjörn Ingbórsson, Dr Erwin Koeppen, Jón Sigurðsson og Prof. Heinz Nellessen kontrabassa) brýndu fyrir mér kosti þess að læra að spila í sem flestum og ólíkustu stílum. Þeir töldu að hinn fullkomni hljóðfærleikari ætti að geta spilað allt á sannfærandi hátt. Þessi lærdómur kom sér vel á ferli mínum og gerði oft kleift að afla salti í grautinn.

Það er mér sérstök ánægja að Ísland á alveg einstakan blásara, Sigurð Flosason. Hann og það góða lið sem hann hefur með sér hafa alla þá eiginleika til að bera sem ég ber virðingu fyrir.

"Multiplicity" er ekki bara samið fyrir 4 mismunandi einleikshljóðfæri, heldur er hvert hljóðfæri spilað í mismunandi stíl bæði af einleikurum og undirleikurum.

Ég kann þeim miklar þakkir fyrir.

-ÁE

### **Just a Touch of Armadillo**

".....Armadillo" er frekar stutt og frískt verk sem gefur tækifæri til að stappa létt. smella fingrum og setja inn einleiks kafla leikna af fingrum fram.-ÁE